Reykjavík International Film Festival

# DAGSKRÁ / PROGRAM



15 ára

KVIKMYNDAVEISLA

# RIFF

27.09.–7.10. 2018

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

Reykjavík International Film Festival

www.riff.is

# DYNJANDI LÓFATAK / STANDING OVATION

RÚV
HLEMMUR SQUARE
TVG-ZIMSEN FLUTNINGSMIÐLUN
Reykjavíkurborg
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
REYKJAVÍK LOVES winter #visitreykjavik

---

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre
ÍTR
LUXOR
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

loft
Mekka Wines&Spirits
fá FJÖLBRAUTASKÓLI VIÐ ÁRMÚLA
Hertz
Norræna húsið
Síminn
BHS
Iceland icelandnaturally.com
ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND
BÍÓ ★ PARADÍS
bóksala stúdenta
Airport DIRECT
BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS
HÖFÐI REYKJAVÍK PEACE CENTRE
100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018
Bókasafn Seltjarnarness
ÁSMUNDARSALUR
worldwidefriends VERALDARVINIR
omnom CHOCOLATE REYKJAVIK
LYSI
BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS
HANDCRAFTED BY Foss distillery MADE IN ICELAND
Tulipop®
URÐ
WHALES OF ICELAND
Reykjavík Kabarett
IÐNÓ
margt smátt - gefur lífinu merkingu
MYNDFORM
Made in Iceland BIOEFFECT
STÚDENTAKJALLARINN

---

Embassy of the Republic of Lithuania
Liberté • Égalité • Fraternité RÉPUBLIQUE FRANÇAISE AMBASSADE DE FRANCE EN ISLANDE
NORWEGIAN EMBASSY
Embassy of Canada
ESTONIA

GOETHE INSTITUT
DANISH FILM INSTITUTE
The One Minutes
Norwegian Film Institute
NIFRANCE
Latvija 100
FILM Estonian Film Institute
LITHUANIAN FILM CENTRE
SPECIAL TOURS WILDLIFE ADVENTURES
National Film Centre of Latvia
Restored Lithuania 100
EMBAJADA DE ESPAÑA EN NORUEGA
Cooperación Española
ISRAEL Embassy of Israel Norway
af AllianceFrançaise Reykjavík
AC/E ACCIÓN CULTURAL ESPAÑOLA

# **EFNISYFIRLIT /** CONTENT

## **UPPLÝSINGAR /** GENERAL INFORMATION


5 Sýningarstaðir / *Venues*
6 Miðasala / *Ticket Sales*
9 Ávörp / *Addresses*


## **AFMÆLISRIT /** ANNIVERSARY EDITION


13 RIFF í 15 ár / *RIFF for 15 Years*


## **KVIKMYNDIR /** FILMS


29 Vitranir / *New Visions*
35 Fyrir opnu hafi / *Open Seas*
41 Norðurslóðir / *Arctic and Beyond*
43 Önnur framtíð / *A Different Tomorrow*
49 Heimildarmyndir / *Documentaries*
57 LUX verðlaunin / *LUX Awards*
59 Meistarar og heiðursgestir / *Masters and Honorary Guests*
60 Sergei Loznitsa
62 Mads Mikkelsen
64 Shailene Woodley
67 Sjónarrönd / *In Focus*
70 Jonas Mekas
73 Laila Pakalnina
79 Erlendar stuttmyndir / *International Shorts*
84 Gullna eggið / *The Golden Egg*
87 Ísland í brennidepli / *Icelandic Panorama*


## **VIÐBURÐIR /** EVENTS


91 Sérviðburðir / *Special Events*
96 Sundbíó / *Swim-in-Cinema*
102 Fræðsla og meistaraspjöll / *Education and Masterclasses*


## **FREKARI UPPLÝSINGAR /** FURTHER INFORMATION


106 Verðlaun og dómnefndir / *Awards and Juries*
108 Starfsfólk / *Staff*
109 Atriðisorðaskrá / *Index*

# HVAÐ ER Í BÍÓ?

Jæja á að kíkja á RIFF?

Já, mig langar að skella mér í bíó! Ég væri til í að sjá … eitthvað nýtt og ferskt?

Ókei. Flokkurinn Vitranir inniheldur myndir eftir nýja og upprennandi leikstjóra. Kíktu á það!

… eitthvað stutt?

Það er stuttmyndaflóð á RIFF! Kíktu á stuttmyndapakkana okkar, þar er eitthvað fyrir alla.

… eitthvað fræðandi?

Tékkaðu á heimildarmyndaflokknum. Þar leynast sumar bestu myndirnar á hátíðinni.

… eitthvað sem allir eru tala um?

Í flokknum Fyrir opnu hafi eru myndir sem eru að gera allt vitlaust á kvikmyndahátíðum um allan heim. Alveg málið fyrir þig.

… eitthvað sögufrægt?

Kíktu á myndir eftir heiðursgestina okkar!

… eitthvað um málefni líðandi stundar?

Flokkurinn Önnur framtíð er helgaður heimildarmyndum sem fjalla um mannréttinda- og loftslagsmál. Klárlega eitthvað fyrir þig.

… veistu, mig langar ekki að sjá neitt. Mig langar í partý!

Það eru alls konar partý og viðburðir í gangi! Kíktu á sérviðburðasíðurnar. Fylgstu líka með á Facebook og Instagram.

# WHAT'S PLAYING?

So, going to RIFF are you?

Yeah! I want to go to the movies! I would love to see … something fresh and new?

The New Visions category is dedicated to films by new up-and-coming directors. Check it out!

… something short?

RIFF is jam-packed with great shorts! Take a look at our short-film program, it has something for everybody.

… something illuminating?

Check out the Documentary category. There you can find some of the best films at the festival.

… something that everybody is buzzing about?

The Open Seas category is dedicated to films that are making headlines on the international festival circuit.

… something legendary?

Take a look at the films from our Honorary guests.

… something current?

The Different Tomorrow category is dedicated to documentaries about environmental and humanitarian topics. Definitely up your alley.

… listen, I don't really want to go to the cinema. I wanna party!

We have lots of parties! Take a look at the special events pages. Also follow us on Facebook and Instagram.

# DAGSKRÁIN / THE PROGRAM

## VELKOMIN Á RIFF / WELCOME TO RIFF!

Í þessum bæklingi eru fjölmargar myndir og miklar upplýsingar. Hér eru nokkrir punktar sem hjálpa þér að nýta dagskrárbæklinginn sem best.

*This programme contains a lot of films and a lot of information. Here are some tips to help you make good use of the booklet:*

Myndunum er raðað eftir **flokkum**. Hver flokkur hefur sinn lit. Ef þú veist ekki hvaða flokk þú ert að skoða, kíktu þá upp í hægra hornið.

*The films are arranged by **category**. Each category has a colour. If you're not sure what category you're looking at, check the top right corner.*




| | | |
|---|---|---|
| VITRANIR/*NEW VISIONS* | HEIMILDARMYNDIR/*DOCUMENTARIES* | ERLENDAR STUTTMYNDIR/*INT. SHORTS* |
| FYRIR OPNU HAFI/*OPEN SEAS* | MEISTARAR/*MASTERS* | ÍSLAND Í BRENNIDEPLI/*ICELANDIC PANORAMA* |
| ÖNNUR FRAMTÍÐ/*A DIFFERENT TOMORROW* | SJÓNARRÖND/*IN FOCUS* | SÉRVIÐBURÐIR/*SPECIAL EVENTS* |

Eftir myndirnar koma **sérviðburðir**. Sérviðburðir eru ekki hefðbundnar kvikmyndasýningar heldur annars konar viðburðir eins og sundbíó eða tónleikar. Passar og klippikort gilda alla jafna ekki inn á sérviðburði.

*After the films, our **special events** are listed. Special events aren't traditional film screenings but different events such as pool screenings or concerts. Passes and Coupon cards are not valid for special events.*

SÉRVIÐBURÐIR/
*SPECIAL EVENTS*

Aftast í bæklingnum er **atriðisorðaskrá**. Þar geturðu flett upp öllum titlum á tveimur tungumálum og nöfnum allra leikstjóra.

*At the back of this booklet you'll find an **index** with all film titles in two languages and all directors.*

**INDEX**

Athugið að sýningartímar geta breyst og myndir geta færst á milli sala. Það er ekki vitlaust að kíkja á **riff.is** áður en þú leggur af stað, bara til að vera viss!

*Please be aware that screening times may change and films may move between screens. Check* **riff.is** *for the latest information, just to be sure.*

**riff.is**

**Spurt og svarað** sýningar eru sýningar þar sem leikstjórar eða aðrir aðstandendur myndarinnar svara spurningum áhorfenda eftir myndina.

*After **Q&A** screenings the director or another representative of the film will discuss the film and answer questions.*

**Q&A**

Sumar myndir eru ekki við hæfi barna. Þær eru merktar svona:
*Some of our films don't suit children. They're marked with this icon:*

# **SÝNINGARSTAÐIR** / VENUES

## **AÐALSÝNINGARSTAÐUR** / MAIN VENUE

**Bíó Paradís**
Hverfisgata 54, 101 Reykjavík
412 7711

### **SÉRVIÐBURÐIR** / SPECIAL EVENTS:

**Norræna húsið**
Sturlugata 5, 101 Reykjavík
551 7030

**Ásmundarsalur**
Freyjugata 41, 101 Reykjavík
555 0041

**Hlemmur SQUARE hótel**
Laugavegur 105, 105 Reykjavík
415 1600

**Loft**
Bankastræti 7a, 101 Reykjavík
553 8140

**Stúdentakjallarinn**
Háskólatorg – University Square,
University of Iceland
Sæmundargata, 101 Reykjavík
570 0890

**Sundhöll Reykjavíkur**
Barónsstígur 45a, 101 Reykjavík
411 5350

**Veröld - Hús Vigdísar**
Brynjólfsgata 1, 107 Reykjavík
525 4191

**Listaháskóli Íslands**
Þverholt 11, 105 Reykjavík
545 2200



# **MIÐASALA /** TICKET SALES




## **STAKUR MIÐI /** SINGLE TICKET:

**Stakur dagmiði / *Single day ticket:***
(Gildir til kl. 16:00 / *Valid until 16:00*)
**1.200 kr.**

**Stakur kvöldmiði / *Single evening ticket*:**
(Gildir frá kl. 16:00 / *Valid from 16:00*)
**1.600 kr.**




## **KLIPPIKORT /** COUPON CARD:

Með klippikortinu færðu 8 miða á lægra verði! Þú getur notað kortið bara fyrir þig eða deilt því með öðrum. / *With the coupon card you get 8 tickets at a discount!*
*You can use it all by yourself or share it with others.*

**Klippikort / *Coupon card:*** 8 skipti / *8 tickets:*
**9.600 kr.**




## **HÁTÍÐARPASSI /** FESTIVAL PASS:

Gildir á allar myndirnar á hátíðinni, þannig að hann er að sjálfsögðu langbesti kosturinn fyrir duglegt bíófólk! / *Is valid for all the films at the festival, so if you plan on seeing a lot films, the Festival pass is the best option by far!*

**Hátíðarpassi / *Festival Pass*:** (Gildir á allar myndir, ekki sérviðburði / *Valid for all screenings, not special events).*
**16.900 kr.**

**Nemar, eldri borgarar & öryrkjar /**
***Students, seniors & people with disabilities:***
**13.900 kr.**

# **MIÐASALA /** TICKET SALES

## MIÐAR, PASSAR & KLIPPIKORT FÁST:

- **www.riff.is & www.tix.is** - Opið alla daga, allan daginn.
- Hlemmur Square Hotel - Opið frá 21. september til 6. október milli kl. 11:00-14:00 & 17:00-20:00.
- Bóksala Stúdenta - Opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00-18:00
- Bíó Paradís - Opnar 27. september kl 16:00. Á meðan á hátíð stendur opnar miðasala hálftíma fyrir fyrstu sýningu dagsins til miðnættis.
- RIFF upplýsingamiðstöð & gestastofa er staðsett á Hlemmi Square Hotel - Opin frá kl 09:00-19:00 á meðan á hátíðinni stendur.

Frekari upplýsingar má finna á **www.riff.is**

## WHERE TO GET TICKETS, PASSES & COUPONS:

- ***www.riff.is & www.tix.is*** *- Open all day every day.*
- *Hlemmur Square Hotel - Open between September 21st and October 6th, from 11:00-14:00 & 17:00-20:00.*
- *University Bookstore in UNI - Open Monday to Friday from 09:00-18:00.*
- *Bíó Paradís - Opens September 27th at 16:00. During the festival open from half an hour before the first screening of the day until midnight.*
- *RIFF information & guest office is located at Hlemmur Square Hotel - Open from 09:00-19:00 during the festival.*

*For more information please visit our website* ***www.riff.is***

## **ALLT UM PASSANN /** ALL ABOUT THE PASS:

Handhafar hátíðarpassa geta sótt miða á stakar sýningar í Bíó Paradís frá kl. 16:00 daginn fyrir sýningu og tekið út 4 miða í einu. Ef þér snýst hugur geturðu skipt miðunum út í miðasölunni. Passinn gildir á eina sýningu á hverri mynd og gildir ekki á sérviðburði. Þú þarft að sýna passa, skilríki og miða þegar þú ferð inn í bíósalinn.

*Passholders can pick up tickets in Bíó Paradís from 16:00 for screenings for the next day and withdraw tickets for 4 screenings at a time. If you change your mind you can exchange your ticket at the box office. The Pass is only valid for one screening of each film and is not valid for special events. You will have to display your pass, ID and ticket upon entering the cinema.*




LUXURY HOTEL & UPSCALE HOSTEL

*With*

ARTISANAL BISTRO AND CRAFT BEER BAR

Proud sponsor of Reykjavík International Film Festival

• Laugavegur105 • www.hlemmursquare.com • +354 415 1600 •

# **ÁVÖRP /** ADDRESSES

## **STARFSFÓLK RIFF /** RIFF STAFF

**RIFF í 15 ár**
***15 years of RIFF***

Í ellefu daga á hverju hausti flykkjast ástríðufullir kvikmyndaunnendur í bíó til að sjá það besta og ferskasta í alþjóðlegri kvikmyndagerð. Á RIFF verður bíóferðin miklu meira en bara bíóferð. Gestum býðst að spjalla við leikstjóra um verk sín, sækja málþing og fyrirlestra, fara á tónleika og listasýningar, og að sjá kvikmyndir við óhefðbundin skilyrði – í sundi, í helli eða í stofunni hjá þekktum kvikmyndagerðarmanni.

Í ár er 15 ára afmæli RIFF - Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Á þessu afmælisári, sem jafnframt er 100 ára afmæli fullveldis Íslands, verður sjónum beint að sjálfsmynd. Sjálfsmynd þjóða, hópa sem og einstaklinga.

Venju samkvæmt verður sýnt úrval af glænýjum myndum eftir ungt kvikmyndagerðarfólk í bland við sígilt efni og myndir eftir reynda meistara. Eystrasaltslöndin eru í brennidepli í ár, þar sem að þau fagna 100 ára sjálfstæðisafmæli, og sýndar verða nýjar og spennandi myndir frá Litháen, Lettlandi og Eistlandi. Heiðursgestir hátíðarinnar, Jonas Mekas og Laila Pakalnina, kóróna Eystrasaltsfókusinn og við erum stolt og hrærð yfir komu þeirra á hátíðina.

Á RIFF verða til einstakar minningar. Þú getur séð uppáhalds kvikmyndagerðarfólkið þitt í eigin persónu, séð uppáhalds myndirnar þínar og séð eitthvað alveg nýtt. Við trúum því einlæglega að bíó breyti heiminum, þegar ljósin slokkna í salnum leggjum við af stað í ferðalag, við kynnumst persónum og upplifum sögur sem veita okkur nýja sýn á heiminn.

Að lokum viljum við bjóða ykkur velkomin á RIFF 2018. Sjáumst í bíó!

*For eleven days each year, passionate film-lovers flock to the cinema to see the best and freshest that international cinema has to offer. At RIFF the trip to the cinema becomes so much more than a regular trip to the cinema. Guests are invited to chat with directors about their work, attend panels and masterclasses, go to concerts and exhibitions, and see films in unconventional environments – at the pool, in a cave or in a famous filmmakers' living room.*

*This year we celebrate the 15-year anniversary of RIFF - Reykjavík International Film Festival. In this celebratory year, which also happens to be the 100th anniversary of Icelandic sovereignty, we point the spotlight towards identity. The identity of nations, groups and individuals.*

*As always we will show a variety of new films by young filmmakers, along with classic and legendary films. The Baltic countries are in focus this year, because this year they celebrate 100 years of independence, and new and exciting films from Lithuania, Latvia and Estonia will be shown. The honorary guests of the festival, Laila Pakalnina and Jonas Mekas, headline the Baltic focus and we are honored and humbled by their presence at the festival.*

*At RIFF, unique memories are created. You can meet your favorite filmmakers in person, watch your favorite films and experience something completely new. We sincerely believe that cinema can change the world. When the lights go out in the theatre we go on a journey. We meet characters and experience stories that provides us with a new perspective upon the world.*

*Finally, we would like to welcome you to RIFF 2018. See you at the movies!*

## DAGUR B. EGGERTSSON

**Borgarstjóri**
***Mayor***



Í ár fögnum við 15 ára afmæli RIFF - Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Á þessum tíma hefur RIFF náð að skapa sér verðugan sess í kvikmyndaheiminum og er fyrir löngu orðinn að föstum viðburði hjá fagaðilum og kvikmyndaáhugafólki um allan heim.

RIFF hefur ekki síður átt þátt í að vekja áhuga umheimsins á Íslandi. Landslagið í íslenskum kvikmyndaiðnaði hefur gjörbreyst á þessum 15 árum og kvikmyndaborgin Reykjavík nýtur sívaxandi vinsælda. Mikil eftirspurn er eftir íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á allar virtustu kvikmyndahátíðir heims, og að sama skapi sækjast þekktir leikstjórar eftir því að sýna kvikmyndir sínar hér á RIFF.

Í ár beinir hátíðin sjónum að sjálfsmynd – sjálfsmynd þjóða, hópa og einstaklinga – í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Heiðursgestir RIFF í ár eru kvikmyndagerðarmenn frá Eystrasalti, en Eistland, Lettland og Litháen fagna einnig 100 ára afmæli sjálfstæðis í ár.

Ég vil fyrir hönd borgarinnar þakka aðstandendum RIFF fyrir óeigingjarnt starf á undanförnum árum og óska þeim til hamingju með 15 ára afmælið og metnaðarfulla dagskrá að venju!

*This year we celebrate the 15th anniversary of the Reykjavik International Film Festival – RIFF. During this time, RIFF has earned its reputation as a renowned multicultural film festival which attracts film enthusiasts and people in the film industry from all over the world.*

*RIFF has also played a major role in placing Iceland on the map as an interesting destination. The Icelandic film industry has changed dramatically over these 15 years, and Reykjavík has been gaining an ever increasing popularity as a viable choice of location for film casting. Our most respected directors are frequently invited to show their work at the best film festivals around the world and in return, acclaimed film makers choose to bring their films to RIFF.*

*This time around, the festival focusses on self-identification – the identity of nations, groups and individuals – as Iceland celebrates 100 years of sovereignty this year. Film directors from the Baltic States are special guests of honour, as Estonia, Latvia and Lithuania also commemorate 100 years of independence.*

*On behalf of the City of Reykjavik, I want to thank the organizers of RIFF for their selfless work in recent years, and to congratulate them for offering this ambitious programme on the festival's 15th anniversary!*

## LILJA ALFREÐSDÓTTIR

**Mennta- og menningarmálaráðherra**
***Minister of Education and Culture***



Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík er einn af skemmtilegustu boðberum haustsins. Kvikmyndaunnendur eiga gott í vændum, hátíðin er ein stærsta og fjölsóttasta menningarhátíðin hér á landi. Hátíðin gerir okkur kleift að kynnast því sem er efst á baugi í kvikmyndagerð víða um heim gegnum verk bæði nýrra og reyndari kvikmyndahöfunda. Auk þess að sýna tugi áhugaverðra kvikmynda, bæði í kvikmyndahúsum og óhefðbundnum stöðum, býðst gestum að ræða um kvikmyndirnar við leikstjóra, sækja málþing, fyrirlestra, tónleika og listasýningar.

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn fá með hátíðinni kærkomið tækifæri til að kynna verk sín því hátíðin er vettvangur fyrir þá til að koma íslenskri framleiðslu á framfæri við dreifingaraðila og fagfólk. Kvikmyndir hafa mikið menningarlegt gildi á litlum málsvæðum eins og hér á Íslandi þar sem standa þarf vörð um íslenska tungu og menningu. Það er sérlega ánægjulegt að verða vitni að áhuga heimsbyggðarinnar á íslenskum kvikmyndum sem hafa átt góðu gengi að fagna á virtum kvikmyndahátíðum á undanförnum árum.

Ég vona að sem flestir njóti allra þeirra góðu kvikmynda og viðburða sem eru á dagskrá Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík að þessu sinni. Gleðilega hátíð.

*The Reykjavík International Film Festival is one of the most fun events of the season. Film lovers can expect a real banquet. The festival is one of the largest and highest attended cultural events in the country. The festival enables us to get acquainted with the most exciting international films, both current ones and classics by legendary filmmakers. Guests have a multitude of choices. They can attend screenings of dozens of interesting films, in cinemas as well as in unconventional places, discuss them with their directors, attend panels, concerts and exhibitions.*

*The festival gives Icelandic filmmakers a chance to promote their work to foreign distributors and professionals. Films are of great cultural value for small language areas like Iceland and contribute to preserving the language and culture. It is wonderful to witness the world's growing interest in Icelandic cinema over the last few years and see many Icelandic films do well at international festivals.*

*I hope that guests will enjoy the quality films and events at this year's edition of The Reykjavík International Film Festival. Have a great festival.*

TVG-ZIMSEN
FLUTNINGSMIÐLUN

RIFF 2018
STOLTUR BAKHJARL

# RIFF Í 15 ÁR
# RIFF FOR 15 YEARS

Í tilefni af 15 ára afmæli RIFF er hátíðarritið í ár með veglegra sniði en venjulega. Í þessari sérstöku afmælisviðbót lítum við yfir farinn veg og birtum efni efni af ýmsum toga sem tengist bæði liðnum hátíðum og hátíðinni í ár.

*To celebrate 15 years of RIFF, the festival program is bigger than usual. In this special anniversary addition, we take a trip down memory lane and publish material about past festivals as well as this year's edition.*

Kæru gestir! Til hamingu með 15 æðisleg ár af bíói, fræðslu, skemmtun og menningu. Takk fyrir 15 ár af RIFF!

*Dear guests! Congratulations on 15 wonderful years of cinema, education, entertainment and culture. Thank you for 15 years of RIFF!*



## 2006

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Alexander Sokurov
Bahman Gohbadi



## 2009

Heiðursgestur/
*Honorary guest:*
Miloš Forman



## 2004

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Guy Maddin
Sturla Gunnarsson



## 2007

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Hanna Schygulla
Aki Kaurismäki
Peter Greenaway



## 2010

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Jim Jarmusch
Benedek Fliegauf



## 2005

Heiðursgestur/
*Honorary guest:*
Abbas Kiarostami



## 2008

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Costa-Gavras
Shirin Neshat
Paprika Steen



## 2012

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Dario Argento
Susanne Bier
Marjane Satrapi



## 2015

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
David Cronenberg
Margarethe Von Trotta



## 2017

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Werner Herzog
Olivier Assayas



## 2014

Heiðursgestur/
*Honorary guest:*
Mike Leigh
Ruben Östlund



## 2011

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Béla Tarr
Lone Scherfig



## 2018

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Jonas Mekas
Laila Pakalnina
Sergei Loznitsa
Mads Mikkelsen
Shailene Woodley



## 2013

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Lukas Moodysson
Laurent Cantet
James Gray



## 2016

Heiðursgestir/
*Honorary guests:*
Darren Aronofsky
Deepa Mehta
Chloë Sevigny

# „HIÐ SMÁA ER STÓRT“
# „SMALL THINGS ARE A BIG THING“

**Viðtal við Lailu Pakalnina / *Interview with Laila Pakalnina***

Laila Pakalnina er leikstjóri og handritshöfundur frá Lettlandi og RIFF er stolt af því að hafa hana sem einn af heiðursgestum hátíðarinnar í ár.

*Laila Pakalniņa is a director and scriptwriter from Latvia and RIFF is proud to have her as our honorary guest this year.*



**Þú hefur gjarnan mjög einföld nöfn á myndum þínum, eins myndin sem ég var að horfa á sem nefnist *Dawn*.**
Ég hef alltaf gert þetta svona, strax með fyrstu verk mín. Þú verður að athuga að myndir eru annars eðlis en blaðagreinar og þú verður að nota orð öðruvísi í bíómynd en þegar þú ert að skrifa greinar. Þegar þú skrifar grein þartu að tæla lesandann til að opna greinina. Í blaðamennsku eru ögrandi nöfn á greinum kannski viðeigandi en ekki á kvikmyndum. Þar verður titillinn að vera í samræmi við myndina. Mér líka við einfalda hluti, myndir mínar eru einfaldar og nöfn þeirra líka.

**Sem leiðir okkur að efni mynda þinna og einbeitingu þína á hið smáa og einfalda. Sem er mikilvægt í trúleysi samtímans, það hjálpar mannskepnunni að þrauka í lífinu að uppgötva hið fallega í hinu einfalda. Þér líkar við hið smáa og einfalda?**
Hið smáa er stórt. Mér líkar við börn. Þau hafa mikinn áhuga á hinu smáa og einfalda.

**Hér á skrifstofu RIFF hefur þú verið kölluð Kaurismäki Lettlands. Hvað finnst þér um slíka líkingu?**
Ókei. Það er mér að meinalausu ef einhver segir það, en ég er ekki.....ég held...., sko, mér líkar við myndir hans en ég held að ég sé ekki undir áhrifum af þeim. Ég er ekki að gera kómedíur og held að hann sé ekki heldur að því. Ég er að gera myndir úr raunveruleikanum og hann er stundum fyndinn. Ég er reyni ekki að skera húmorinn frá heldur leyfi honum að vera með. Þú hefur séð *Short Film About Life*, hún er beint úr raunveruleikanum. Lífið er tragískt en það er líka fyndið á sinn tragíska hátt.

**Afhverju tókstu myndina *Dawn* upp í svart hvítu?**
Í fyrsta lagi þá líkar mér vel við svart hvítt, það eru oft fleiri litir í því en eru í litmyndum. Skuggarnir eru sterkari. En á endanum hefur sérhver hugmynd að mynd sína liti. Þessi hugmynd hafði svart hvíta liti. Hún er byggð á minningum mínum frá Sovét tímanum.

**Sumt í myndinni *Dawn* minnir mann á glæpi og hrylling fjöldahreyfinga og hvernig alræðiskerfin setja einstaklinga undir þrýsting um að svíkja sína eigin fjölskyldu, upplifðir þú slíkt eða er þetta byggt á öðru en eigin reynslu?**
Ég upplifði ekki akkúrat þetta. En ég upplifði þetta kerfi sem ég er að reyna að tjá í myndinni. Þegar stjórnvaldið vill að þú verðir hluti af kerfinu, þegar þú getur ekki og er jafnvel bannað að hafa eigin skoðanir á hlutunum. Þessvegna gerði ég þessa mynd og þetta er ekki aðeins vandamál sósíalismans. Þetta er líka vandamál í kapítalismanum. Myndin er einnig um auglýsingar og kjörbúðir. Þessa baráttu um að fá að hafa eigin skoðanir.
**Jafnvel þótt myndin eigi sér stað í Sovétríkjunum virðist þú einmitt vera að tala til fólks í dag?**
Það er alltaf hætta á fólki sem vill ráða yfir þér og öðrum mönnum. Að eignast peninga nægir fólki ekki, það vill líka völd. Ég held að

það sé alltaf hætta. Jafnvel í dag, sérstaklega þegar á sviðið eru komnir menn eins og Pútín og Trump, þá er enn meiri hætta. Ég gerði þessa mynd ekki af því að ég hef áhyggjur af fortíðinni heldur afþví að ég hef áhyggjur af samtímanum.

**Þar sem myndin *Dawn* hefst á myndum af kjúklingum og endar á kjúklingum verð ég að spyrja þig hvort þú sért sérstaklega mikið fyrir þá?**
Ekki í mat. Ég borða ekki kjöt. Mér líkar við allt sem er lifandi en kjúklingarnir í myndinni eru myndlíking. Kjúklingar hafa lítinn heila. Við mannfólkið höfum stóran heila en stundum notum við mjög lítið af honum og hegðum okkur eins og kjúklingar.

---

***You actually have very direct and simple names on most of your works, like the film I just watched which is named* Dawn.**
*I´ve always done this, it started in my very early works. You see, film is different from an article piece, you have to use words in a different way in films than when you are writing articles and go for a click bate headlines. In journalism people like provocative titles for articles but a title for a film may not be more provocative than the film is. The title must be according to your film. I like simple things, my films are simple and my titles are simple.*

***Which brings me to the subject of small things. As watching your films I have the feeling that you like small things. Which is vital in our atheist times, as it helps us to endure meaningless lifes seing beauty in the small things. You like small and simple things in life?***
*Smalls things are a big thing. I like children. They are constantly interested in small things.*

***At the RIFF office you´ve been called Kaurismäki of Latvia. What do you say to such comparison?***
*Ok. I'm ok if someone says something like this, but I'm not.... I think...., well I like his films but I don't think I'm inspired by him. I´m not making comedies and I think he is not making them either. I'm making something from real life and real life is funny. I try not to erase funny things from life. You´ve seen* Short Film About Life*, it is life. It is tragic but it is also funny in it´s tragic way.*

***Why did you shoot* Dawn *in black and white?***
*Firstly because I really like b/w, because it has more colours than colored film. It has more sharp shadows. But in the end every idea has it´s colours. This idea had a black and white colour. It is based on my memories of Soviet films.*

***Some things in the film* Dawn *reminds you of the crimes and horrors of the crowd and how the totalitarian systems press people to betray their own family for the love of their leaders, did you experience such things in your life like this or is this created form something else than experience?***
*I didn´t experience exactly that. But I experienced something different, that I´m trying to show in the film. When the regime wants you to be a part of this big machine when you can´t or are even prohibited to have your own point of view. That's why I did this film and it's not only a problem of socialism. It is also about capitalism. About advertisement or supermarkets. The fight to have your own opinion.*

***Even though your film* Dawn *is taking place in the Soviet era you seem to be talking to people today?***
*There is always a danger because there are always people who want to rule you and the rest of humankind. To have money is not enough for them, they want to have power. I think there is always danger. Even today, specially when we have people like Putin and Trump, even more danger. I made this film not because I´m worried about the past but because I'm worried about today.*

***As the film* Dawn *opens up with a scene where there are chickens and then closes with chickens, I have to ask you, do you love chickens?***
*As for meal, no. I don't eat meat. I like every living creature, but chicken is a metaphor. Chickens have small brains. We humans have big potential in using our big brain but sometimes we use very little of it and act like chicken.*

# **RIFFARAR** / RIFFERS

Sumir bara fá ekki nóg af RIFF. Við settumst niður með nokkrum sjóuðum Riffurum og spurðum þá nokkurra spurninga.

*Some people just can't get enough of RIFF. We sat down with a few experienced Riffers and asked them a few questions.*

**1 Hvenær byrjaðirðu að fara á RIFF?**
***When did you start going to RIFF?***

**2 Ferðu á hverju ári?**
***Do you go every year?***

**3 Hvað ferðu á margar myndir?**
***How many films do you see?***

**4 Hver er eftirminnilegasti heiðursgesturinn?**
***The most memorable guest of honor?***

**5 Hver er eftirminnilegasta myndin?**
***The most memorable film?***

**6 Hvað er svona heillandi við RIFF?**
***What is so captivating about RIFF?***



## AGNES LÁRA – PLÖTUSNÚÐUR / DJ

1
Ég keypti fyrsta RIFF passann minn 2009 þegar ég var á busaárinu mínu í Borgarholtsskóla. Þurftum að kaupa passa fyrir kvikmyndafræðiáfanga sem ég var í á þeim tíma.

*I bought my first RIFF festival pass in 2009 when I was in my first year at Borgarholtsskóli. We had to buy a pass for a film theory class I attended at the time.*

2
Ég hef farið á hverju ári síðan 2009 fyrir utan 2 eða 3 skipti þegar ég hef ómögulega komist.

*I have gone every year since 2009, except for two or three times I wasn't able to make it.*

3
Ég hef verið það heppin að oft hef ég getað tekið mér frí frá vinnunni yfir RIFF og haft tækifæri á að horfa á myndir frá morgni til kvölds, alla daga hátíðarinnar. Minnir að metið mitt sé í kringum 34 eða 35 myndir sem ég hafi náð að fara á eitt árið.

*I've been lucky and have often been able to take time off work during RIFF, so I can watch films all day long, every day of the festival. I think my record is something like 34 or 35 films.*

4
Það hafa alltaf verið mjög flottir heiðursgestir. En ef ég þyrfti að velja þá myndi ég segja David Cronenberg, Milos Forman og Werner Herzog. Mér fannst líka mjög gaman af því að fara á masterclassinn hjá Ruben Östlund.

*The guests have always been really cool. If I had to choose I would say David Cronenberg, Milos Forman and Werner Herzog. Ruben Östlund's masterclass was also very fun.*

5
Fyrsta myndin sem að poppar upp í hugann er Embrace of the Serpent eftir Ciro Guerra. Allavega besta myndin það árið.

*The first film that comes to mind is Embrace of the Serpent by Ciro Guerra. The best film of that year at least.*

6
Það sem hefur alltaf heillað mig við RIFF er þessi hálfgerði raunveruleikaflótti. Að vera röltandi á milli mismunandi heimshluta og fylgjast með fólki kljást við misjafnar aðstæður sem maður tengir mismikið við. Mér finnst ég alltaf vera andlega endurnærð eftir hátíðina. Eins og að ég hafi aðeins öðruvísi heimssýn í hvert skipti.

*What I have always found so alluring about RIFF is that it is a sort of escape from reality. To travel between different parts of the world and see people deal with different conditions. I always feel refreshed after the festival. Like a have a slightly different world view after each time.*



## GUNNAR RAGNARSSON – SÖNGVARI, LISTAMAÐUR OG FRAMLEIÐANDI/ AÐALLEIKARI STUTTMYNDARINNAR *ÞVOTTUR* / SINGER, ARTIST AND PRODUCER/ ACTOR IN SHORT FILM *THE SHACK*.

1
Mig minnir að árið 2008 hafi verið mitt fyrsta skipti.

*I think 2008 was my first time.*

2
Nánast, eða í öll þau skipti sem ég hef verið búsettur í Reykjavík.

*Almost, at least every time I have been living in Reykjavík.*

3
Maður hefur verið misvirkur í gegnum árin en ef maður er að gera þetta á annað borð er skemmtilegast að vera með hátíðarpassa og fara á a.m.k. eina til þrjár myndir á dag. Ég held að ég nái þó ekki þeirri geðveiki á komandi árum.

*It varied between years how active I've been but if you're going to do this in the first place it's most fun to get a festival pass and see at least one to three films a day. I think I will not be able to go so crazy in the future though.*

4
Ég hafði mjög gaman af hversdagslegu viðmóti og skemmtisögum Jim Jarmusch þegar hann mætti á Frónið. Spyrillinn sem stýrði umræðum við Jarmusch og aðra gesti var hins vegar jafn leiðinlegur og Jarmusch skemmtilegur.

*I really enjoyed the casual presence and fun stories Jim Jarmusch had to tell when he came here. The guy managing the panel, though, was as annoying as Jarmusch was fun.*

5
Ósanngjörn spurning. En ég verð eiginlega að velja Antichrist (Lars von Trier) þó að mér finnist hálfhallærislegt að nefna jafn þekkta mynd og hana þegar RIFF er annars vegar. Ég verð þó að viðurkenna að minnið er aðeins slappara en ég hélt, ég man ekki eftir öllu, og þarf því greinilega að halda betra bókhald um hátíðir nú- og framtíðar.

*An unfair question. But I kind of have to pick Antichrist (Lars von Trier) even though it seems lame to name as famous a film as that. I must admit that my memory is not as good as I thought. I don't remember everything, and clearly I must keep better track of past and future festivals.*

6
Fjársjóðsleitin. Dagskráin skartar oftast lítt þekktum myndum og því er aðal sportið að reyna að finna eitthvað í feninu sem eitthvað spunnið er í og notar maður misvel ígrundaðar vísbendingar til þess. Þessi þráhyggjukennda leit leyfir manni að hverfa inn í myrkrið og gleyma því að maður eigi sér sjálfur líf og vandamál sem fylgja því.

*The treasure hunt. The program often features little-known films so the main fun of it is trying to find something worthwhile in the sea of films and you go through many varyingly reliable sources to find out. This obsessive search allows you to disappear into the darkness and forget that you have a life with all its problems.*

## HALLVARÐUR JÓN GUÐMUNDSSON – KVIKMYNDAFRÆÐINEMI / STUDENT OF FILM THEORY

1
Ég byrjaði að fara á RIFF árið 2005 og keypti mér fyrst passa á hátíðina árið 2007.

*I started going to RIFF in 2005 and bought my first festival pass in 2007.*

2
Hef farið á RIFF á hverju ári síðan 2005.

*I have gone to RIFF every year since 2005.*

3
Núorðið fer ég yfirleitt á 15 til 20 myndir. Það voru nokkur ár (2010-2012) þar sem ég sá hátt upp í 40 kvikmyndir á hverri hátíð. Það setur daglegt líf svolítið á annan endann að fara svona mikið í bíó á tíu dögum en það er gaman og ég iðrast einskis.

*Nowadays I go see 15-20 films. There were a few years (2010-2012) when I would go see up to 40 films each festival. It really disrupts daily life to go to the movies so much in the span of ten days but it's fun and I regret nothing.*

4
Ég held mikið upp á David Cronenberg. Masterklassinn hans var mjög skemmtilegur.

*I'm a big fan of David Cronenberg. His masterclass was great.*

5
Á RIFF 2010 var sérstök sýning á ungverskri mynd sem heitir Szürkület (e. Twilight) frá 1990. Mjög falleg og dáleiðandi kvikmynd, það mætti vekja meiri athygli á henni.

*In RIFF 2010 there was a special screening of a Hungarian film from 1990 called Szürkület (Twilight). A beautiful and hypnotic film that deserves more attention.*

6
Það er gaman að fara mikið í bíó.

*It's fun to go to the movies a lot.*












RIFF






Q&A










ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK KYNNIR:
RIFF
ÓMISSANDI!
ÓLÝSANLEG!
MUNDU EFTIR APPINU!




















# LJÓÐ

Jonas Mekas fær verðlaun fyrir æviframlag sitt til kvikmyndagerðar, en hann er ekki einungis kvikmyndagerðarmaður heldur líka ljóðskáld. Það er okkur sönn ánægja að birta hér ljóð hans Uppfærslu (2003).

## UPPFÆRSLA

Vetur, klárastu aldrei nokkurn tímann. Svo að Vorið
þurfi aldrei að láta sjá sig, og engar hersveitir geti
komið marsérandi inn til okkar, meðan þær bíða enn eftir Vori. Villtar
skógarverur munu sofa rótt, dreyma um
útópíu.

Vetur, klárastu aldrei nokkurn tímann. Allir verða lokaðir inni
heima hjá sér, sofandi allan tímann, með ógeðfelldu illvirkjunum, umrenningunum
og bröskurunum allir gaddfreðnir, allir verða drekkandi
með vændiskonum, líkt og börn í sakleysi sínu
fram að Vorinu,
sem mun aldrei koma.

Ekki láta sjá þig, Vor. Eigðu öll þín
blóm, ilmi, kossa og skorpur –
Ég vil drekka vínið mitt í rólegheitum
með gömlum vinum – meðan það er enn vetur,
meðan að hersveitirnar hafa enn ekki marsérað inn –

Ó snjór, haltu áfram að snjóa, eins djúpur, órjúfanlegur,
kaldur, og um veturinn 1812,
þar til það er Vor,
sem aldrei mun koma.

Brynja Hjálmsdóttir þýddi úr ensku

# POEM

*Jonas Mekas is an honorary recipient for his lifetime achievement in filmmaking. He is a poet, as well as a filmmaker. We are pleased to present one of his poems, Update (2003).*

## UPDATE

Winter, don't ever be over. So that Spring
never has to show up, and no armies can
come marching in on us, while they're still waiting for Spring. Wild
forest creatures will stay calm asleep, dreaming of
utopia.

Winter, don't ever be over. All will stay shut in
at home, sleeping all the while, with the vile evildoers, tramps
and wheeler dealers all frozen stiff, all will be drinking
with prostitutes, like children in their innocence
until the Spring,
                    which is never to come.

Don't show up, Spring. Keep all your
blossoms, smells, kisses and crusts --
I want to stay calmly drinking my wine
with old friends -- while it's still winter,
while the armies haven't marched in yet --

O snow, keep on snowing, as deep, impenetrable,
cold, as in the winter of 1812,
until it's Spring,
                    that's never to come.

Translated, from Lithuanian, by Vyt Bakaitis


ÓFÆRÐ
2. þáttaröð
LÖGREGLAN
Rvk.
STUDIOS



# VITRANIR
## NEW VISIONS

Í Vitrunum tefla níu nýir leikstjórar fram sinni fyrstu eða annarri mynd og keppa um aðalverðlaun hátíðarinnar, Gullna lundann. Þessar myndir ögra viðteknum gildum í kvikmyndagerð og vísa veg kvikmyndalistarinnar til framtíðar.

*Nine up and coming directors present their first or second feature film and compete for our main prize, the Golden Puffin. These films challenge cinematic conventions and pave the way for tomorrow's cinema.*


www.laugarspa.com
LAUGARSPA
THE BEST HEALTH & BODY
EXPERIENCE ICELAND HAS TO OFFER
Laugar Spa Sundlaugavegur 30 a, 105 Reykjavík / +354 553 0000 / laugarspa@laugarspa.is
Opening hours: Mon - Fri 6:00 - 23:30 / Sat & Sun 8:00 - 22:00




**Meritxell Colell** ESP/FRA/ARG 2018 / 108 min

## FACING THE WIND

MEÐ VINDINUM / *CON EL VIENTO*

**28.09** BÍÓ PARADÍS 2 23.10
**02.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 20.45
**06.10** BÍÓ PARADÍS 3 17.00

Allt umturnast þegar Mónica, dansari á fimmtugsaldri, þarf að snúa aftur til heimabæjar síns Burgos. Hún ílengist til að styðja við móður sína sem reynir á þolmörk hennar þegar kaldur og dimmur veturinn gengur í garð. Íhugult portrett af lífinu í sveitinni og innra ferðalagi í átt að sætti við lífið og kærleikann.

*Everything changes when Monica, a dancer in her forties, needs to return to her native town of Burgos. She prolongs her stay to care for her mother, which becomes trying as the cold and dark winter sets in. A thoughtful portrait of the rural lifestyle and an inner journey towards acceptance of life and love.*




**Yann Gonzalez** FRA 2018 / 110 min

## KNIFE + HEART

HNÍFUR Í HJARTAÐ / *UN COUTEAU DANS LE COEUR*

**01.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 21.15
**03.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 21.45
**05.10** BÍÓ PARADÍS 1 23.00

Árið er 1979 og grímuklæddur morðingi er að myrða fólk úr hinsegin klámsenunni í París. Við kynnumst klámmyndaleikstjóranum Anne, sem leggur á ráðin um að heilla fyrrum ástkonu sína með því að gera sína metnaðarfyllstu mynd til þessa, erótíska slægjumynd innblásna af morðunum. Einstaklega frumleg mynd sem nútímavæðir giallo fagurfræðina og keppti í aðalkeppninni á Cannes.

*The year is 1979 and a masked murderer is killing people from the Paris queer porn scene. Meanwhile, Anne, an aspiring porn director, plans to win over her ex-lover by making her most ambitious film to date, an erotic slasher inspired by the murders. A truly original film, that modernizes the giallo aesthetic, and competed in the main competition at Cannes.*




**Elsa Amiel** FRA 2018 / 80 min

## PEARL

**28.09** BÍÓ PARADÍS 3 19.15
**04.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 21.45
**05.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 19.00

Lea Pearl er að fara að keppa um hinn eftirsótta titil „Ungfrú himinn“ í alþjóðlegri vaxtarræktarkeppni kvenna. En fortíðin kemur aftur til að ásækja hana þegar Ben, fyrrverandi ástmaður hennar, birtist með 6 ára gamlan son þeirra sem hún hefur ekki séð í 4 ár.

*Lea Pearl is set to compete for the prestigious title of “Miss Heaven” in an international female bodybuilding championship. But her past catches up with her, when her ex-lover Ben shows up with the 6-year-old son she has not seen in 4 years.*




**Camilla Strøm Henriksen** NOR 2018 / 86 min

## PHOENIX

FÖNIX / *FØNIKS*

**30.09** BÍÓ PARADÍS 3 17.00
**04.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 17.30
**06.10** BÍÓ PARADÍS 1 22.30

Þrátt fyrir ungan aldur þarf Jill að bera ábyrgð á fjölskyldu sinni. Hún sér um litla bróður sinn og móður sína, sem glímir við fíkn og geðræn vandamál. Þegar harmleikur skekur fjölskylduna verður Jill að halda því leyndu. Hinn sænsk-íslenski leikari Sverrir Guðnason fer með burðarhlutverk í myndinni. Myndin var frumsýnd í Toronto við glymrandi undirtektir.

*Despite her young age, Jill must act as the responsible adult in her small family. She cares for her younger brother and her mother, who is mentally ill and struggles with addiction. When the family is struck by tragedy, Jill keeps it a secret. Swedish-Icelandic actor Sverrir Guðnason plays a major role in the film.*




**Bassam Jarbawi** PAL/USA/QAT 2018 / 108 min

## SCREWDRIVER

SKRÚFJÁRN / *MAFAK*

| | | |
|---|---|---|
| **27.09** BÍÓ PARADÍS 2 | | 21.15 |
| **06.10** BÍÓ PARADÍS 2 | | 18.45 |

Eftir fimmtán ára fangelsisvist er Ziad, sem er hylltur sem hetja af samborgurum sínum, að reyna að veikum mætti að aðlagast lífinu í Palestínu nútímans. Hann á bágt með að greina milli raunveruleikans og ofskynjanna og neyðist til að snúa aftur á staðinn þar sem allt byrjaði. Myndin var heimsfrumsýnd nýlega á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.

*After fifteen years in prison, Ziad, considered by all as a hero, is strenuously trying to adapt to modern Palestinian life. He is unable to distinguish reality from hallucination and forces himself to go back to where it all began.*




**Wolfgang Fischer** GER/AUT 2018 / 94 min

## STYX

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **30.09** BÍÓ PARADÍS 1 | **Q&A** | 17.30 | **06.10** BÍÓ PARADÍS 2 | | 23.00 |
| **02.10** BÍÓ PARADÍS 1 | **Q&A** | 18.45 | | | |

Læknirinn Rilke er holdgervingur vestrænnar velgengni og hamingju. Hún ákveður að uppfylla gamlan draum og halda ein út á haf í seglbátnum sínum. En draumaferðin kemst í uppnám þegar það skellur á stormur og á vegi hennar verður bátur með fjölda fólks innanborðs sem er í bráðri hættu. Rilke þarf þá að taka afdrifaríkustu ákvörðun lífs síns.

*Doctor Rilke is the embodiment of Western success and happiness. She decides to fulfill a lifelong dream of going out to sea by herself on her sailboat. But her dream holiday is turned upside-down when she is hit by a storm and crosses paths with a fishing boat whose passengers are in grave danger. Rilke must now take the most momentous decision of her life.*




**Marija Kavtaradze** LIT 2018 / 86 min

## SUMMER SURVIVORS

LIFUM AF SUMARIÐ / *ISGYVENTI VASARA*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **01.10** BÍÓ PARADÍS 2 | | 20.15 | **07.10** BÍÓ PARADÍS 2 | **Q&A** | 19.00 |
| **05.10** BÍÓ PARADÍS 1 | **Q&A** | 17.00 | | | |

*Lifum af sumarið* er gamandramatísk vegamynd sem fylgir unga sálfræðingnum Indre, sem þarf að fara með tvo sjúklinga og jafnaldra sína á geðsjúkrahús við sjávarsíðuna. Á yfirborðinu virðist ferðin vera skemmtilegt sumarævintýri en ferðalangarnir hafa allir sína djöfla að draga.

Summer Survivors *is road movie following young psychologist Indre, who has to bring two patients of her own age to a psychiatric hospital at the seaside. Their journey might appear as a fun summer adventure, but at the same time the passengers have to battle their inner demons.*



**Adina Pintilie** ROM/GER/CZE/BRG/FRA 2018 / 125 min

## TOUCH ME NOT

SNERTU MIG EKKI

BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| **29.09** BÍÓ PARADÍS 1 | **Q&A** | 18.00 |
| **07.10** BÍÓ PARADÍS 2 | | 21.00 |

Kvikmyndagerðarkona og persónurnar í myndinni hennar hefja persónulega rannsókn á nánd. Snertu mig ekki fylgir tilfinningalegum ferðalögum Lauru, Tómasar og Christians í gegnum ólínulega frásögn sem er á óljósum mörkum skáldskapar og raunveruleika og veitir einstaka innsýn í líf þeirra. Myndin hreppti Gullbjörninn, aðalverðlaunin á Berlinale. Með burðarhlutverk fer Íslendingurinn Tómas Lemarquis.

*Together, a filmmaker and her characters venture into a personal research project about intimacy. Touch Me Not follows the emotional journeys of Laura, Tómas and Christian, through a non-linear narrative that is on the fluid border between reality and fiction, offering a deeply empathic insight into their lives. The film received the prestigious Golden Bear award at the Berlinale.*



**Rahi Anil Barve, Adesh Prasad** IND/SWE 2018 / 109 min

## TUMBBAD

| | | | |
|---|---|---|---|
| **29.09** BÍÓ PARADÍS 3 | 21.00 | **06.10** BÍÓ PARADÍS 3 | 23.00 |
| **02.10** BÍÓ PARADÍS 1 | 23.00 | | |

Indversk ævintýramynd sem gerist á 19. öld. Vinayak er þrjóskur og útsmoginn sonur þorpshöfðingjans í niðurnídda bænum Tumbbad. Hann er heillaður af þjóðsagnakenndum og fornum fjársjóði sem er gætt af illgjörnum föllnum guði. Keyrður áfram af græðgi og ástríðu heldur Vinayak af stað í langa og þyrnum stráða fjársjóðsleit. Opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum.

*An Indian adventure film, set in the 19th century. Vinayak is the stubborn, conniving bastard son of the village lord in the decrepit village of Tumbbad. He is obsessed with a mythical ancestral treasure, that is guarded by an evil fallen god. Fueled by greed and passion, Vinayak sets out on a long and arduous treasure hunt.*



MIÐASALA Á RIFF.IS



VEISLUR - TÓNLEIKAR - ÞÁTTAGERÐ

LUXOR






-Taktu það upp
-Sýndu það



# FYRIR OPNU HAFI
## OPEN SEAS

Á hverju ári þyrla sömu myndirnar upp ryki á kvikmyndahátíðum víða um heim. Þetta eru meistarastykki sem sum hver eru úr smiðju þekktra kvikmyndagerðarmanna en önnur koma áhorfendum algerlega í opna skjöldu.

*Every year a few distinct films make the headlines on the festival circuit. These are exciting – and sometimes masterful – works, some by established filmmakers, others by newcomers. Here we have the cream of this past year's crop.*




**Emily Atef** GER/AUT/FRA 2018 / 115 min

## 3 DAYS IN QUIBERON

3 DAGAR Í QUIBERON / *3 TAGE IN QUIBERON*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **27.09** BÍÓ PARADÍS 3 | 19.00 | | **07.10** BÍÓ PARADÍS 1 | 13.00 |
| **03.10** BÍÓ PARADÍS 1 | 19.30 | | | |

Sannsöguleg mynd um aðdraganda sögufrægs viðtals við þýsku leikkonuna Romy Schneider sem birtist í tímaritinu Stern árið 1981. Margslungið karakterportrett af magnaðri leikkonu. Myndin keppti um Gullbjörninn á Berlinale.

*Based on a true story, the film tells of a famous interview with German actress Romy Schneider that appeared in Stern magazine in 1981. A multi-faceted portrait of a compelling actress. The film competed for the Gold Bear at the Berlinale.*




**Jafar Panahi** IRN 2018 / 100 min

## 3 FACES

ÞRJÚ ANDLIT / *SE ROKH*

| | |
|---|---|
| **30.09** BÍÓ PARADÍS 2 | 19.15 |
| **06.10** BÍÓ PARADÍS 1 | 20.30 |

Ung leikkona frá Íran hverfur með dularfullum hætti. Áður en hún hverfur sendir hún neyðarkall til hinnar nafntoguðu leikkonu Behnaz Jafari. Hún fer í ferðalag til heimaslóða ungu konunnar, ásamt leikstjóranum Jafar Panahi, í von um að leysa ráðgátuna. Þrjú andlit er mynd sem sannar að írönsk kvikmyndagerð er einhver sú besta í heiminum. Sigurvegari fyrir besta handrit á Cannes og tilnefnd til Gullpálmans.

*A young Iranian actress goes missing. Before she disappears, she sends a plea for help, to well-known actress Behnaz Jafari. Along with director Jafar Panahi, she travels to the young woman's native village in hopes of solving the mystery. 3 faces is a film that proves Iranian cinema is some of the best in the world. Winner for best screenplay at Cannes and nominee for the Palme d'Or.*




**Henrik Martin Dahlsbakken** NOR 2018 / 93 min

## AN AFFAIR

FRAMHJÁHALD / *EN AFFÆRE*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **29.09** BÍÓ PARADÍS 3 | 17.00 | | **06.10** BÍÓ PARADÍS 2 | 20.45 |
| **04.10** BÍÓ PARADÍS 2 | 19.15 | | | |

Anita er íþróttakennari sem byrjar að kenna við nýjan skóla. Einn nemenda hennar verður gagntekinn af henni og brátt þróast samband þeirra út á vafasamar slóðir. Æsispennandi mynd sem skartar Tarjei Sandvik Moe úr *Skam* í aðalhlutverki.

*Anita is a gym teacher and starts teaching at a new school. One of her students becomes obsessed with her and soon their relationship progresses into something dubious. A thrilling film that stars Tarjei Sandvik Moe from Skam.*




**Rithy Panh** FRA/CAM 2018 / 115 min

## GRAVES WITHOUT A NAME

*The Baltic countries are in focus this year, in honor of their 100 year independence anniversary. To celebrate we will screen a variety of great films from Lithuania, Latvia and Estonia.*

MESSINN — SEAFOOD RESTAURANT

# LIGHTS, CAMERA, DINNER!



LÆKJARGATA 6B, 101 REYKJAVÍK · 546 0095 · MESSINN@MESSINN.COM

Brandenburg | SÍA

# SJÁLFSTÆÐ KVIKMYNDAGERÐ Á HUNDRAÐ ÁRA SJÁLFSTÆÐISAFMÆLI

## INDEPENDENT CINEMA AND INDEPENDENCE CENTENNIAL

Á RIFF í ár verða Eystrasaltslöndin miðpunkturinn á hátíðinni. Þau fengu sjálfstæði undan Sovétríkjunum fyrir hundrað árum, árið 1918. Fortíð þessara ríkja er í ýmsu ólík enda var Litháen um tíma stórveldi og með Pólverjum réðu Litháar einu stærsta ríki Evrópu á 16. og 17. öld sem náði allt frá Eystrasalti og niður að Svartahafi. Saman eiga Eistland, Lettland og Litháen langa sögu af því að vera stjórnað af Þjóðverjum, Pólverjum, Svíum og Rússum, en samt haldið sínum þjóðareinkennum. Tungumál Letta og Litháa eru þau einu af slavnesku-eystrasalts tungumálunum sem hafa lifað af en tungumál Eista er nær finnsku. Þrátt fyrir að hafa lifað oft á tíðum við harðneskjulega stjórn annarra þjóða spruttu upp merkilegir listamenn í þessum ríkjum og við horfum til þeirra sem ákváðu að helga sig kvikmyndalistinni á 20. og 21. öld.

Myndir eins og *Acid Forest* (Rugile Barzdziukaite - Litháen), *Soviet Hippies* (Terje Toomistu - Eistland) og *D is for Division* (Davis Simanis - Lettland) hafa vakið athygli á virtustu hátíðum heimsins. Sérstaka athygli fá myndir eftir Jonas Mekas (Litháen) og Lailu Pakalnina (Lettland). Mekas er oft kallaður frumkvöðull bandaríska framúrstefnubíósins og verða nokkrar af hans frumlegu myndum sýndar á hátíðinni. Pakalnina hefur afar afgerandi stíl og það gleður okkur að kynna hennar einstöku sýn fyrir hátíðargestum.

*On this edition, the Reykjavik international Film Festival will place a special focus on the Baltic States, which, along with Iceland, gained their independence a hundred years ago in 1918. Nevertheless, these brother nations, have had very different histories. For instance, Lithuania became a European superpower when it joined forces with Poland to create the Polish-Lithuanian Commonwealth, a state that stretched from the Baltic Sea to the Black Sea. On the other hand, although the three states have had a long history of Germans, Polish, Swedish and Russian rule, they still kept their national identity, making the languages of Latvia and Lithuania the only Baltic Slavic languages to survive to this day, whereas Estonia is closer to Finnish.*

*In spite of living often under the harsh regime of other nations, remarkable artists managed to flourish in the Baltic States. During the 2018 edition of RIFF, we will focus on those artists who decided to dedicate themselves to cinema. Films like Acid Forest (Rugile Barzdziukaite – Lithuania), Soviet Hippies (Terje Toomistu – Estonia) and D is for Division (Davis Simanis – Latvia) have caught the attention of the world's most respected film festivals, as have the films of Jonas Mekas (Lithuania) and Laila Pakalnina (Latvia). Mekas has often been called the "godfather of American avant-garde cinema" and some of his most original work will be screened at the festival. Pakalnina has a very definitive style and in celebration of its 15 years, the RIFF is very excited to introduce her unique vision to festival goers.*

ESTONIA

FILM Estonian Film Institute

LITHUANIAN FILM CENTRE

Latvija 100

Restored Lithuania 100



## JONAS MEKAS

HEIÐURSVERÐLAUN FYRIR ÆVIFRAMLAG TIL KVIKMYNDA
*LIFETIME ACHIEVEMENT AWARD*

**Ég er andsetinn af kvikmyndalistagyðjunni og ég get ómögulega losnað við hana.**
- Jonas Mekas

Jonas Mekas hefur verið kallaður „guðfaðir bandaríska framúrstefnubíósins“ og ekki að ástæðulausu þar sem hann er sannkallaður frumkvöðull á því sviði.

Mekas fæddist í Litháen árið 1922. Árið 1944 flúði hann land vegna heimsstyrjaldarinnar síðari og hélt í mikla háskaför áður en hann komst að lokum til Bandaríkjanna. Árið 1949 keypti hann sína fyrstu 16 mm Bolex kvikmyndatökuvél og hóf að festa augnablik úr lífi sínu á filmu. Á löngum og viðburðaríkum ferli hefur hann gert ótal myndir, jafnt stuttar sem langar og unnið til verðlauna víða um heim. Myndir hans eru margvíslegar en hann er hvað þekktastur fyrir að gera svokallaðar „dagbókarmyndir“ sem samanstanda af myndskeiðum úr hversdagslífi hans. Mekas hefur unnið í nánu samstarfi við marga af nafntoguðustu listamönnum heims, þar má nefna Andy Warhol, Allen Ginsberg, Salvador Dalí, Yoko Ono og John Lennon.

Mekas er margt til lista lagt. Hann hefur ávallt verið iðinn við að skrifa um kvikmyndir og hann stofnaði meðal annars tímaritið Film Culture ásamt bróður sínum Adolfas Mekas sem var helgað kvikmyndalistinni. Hann er einnig afkastamikið ljóðskáld og telst vera eitt merkasta samtímaljóðskáld Litháens.

***The muse of cinema possessed me and I cannot get rid of it.***
*- Jonas Mekas*

*Jonas Mekas is a pioneer of the avant-garde and has often been called the “godfather of American avant-garde cinema.”*

*Mekas was born in Lithuania in 1922. In 1944 he fled his home country because of the war and went on a long and dangerous journey through Europe before settling in the US. In 1949 he bought his first 16mm Bolex camera and started filming moments of his life. In his long and eventful carrier he has made countless films, both long and short, and received awards for his work all over the world. His films are varied in form but he is perhaps most known for his “diary films”, which are made up of snapshots of his daily life. Mekas has collaborated with some of the the world’s most celebrated artists, such as Andy Warhol, Allen Ginsberg, Salvador Dalí, Yoko Ono and John Lennon.*

*Mekas is a man of many talents. Through the years he has extensively written on cinema and alongside his brother, Adolfas Mekas, he founded the Magazine Film Culture devoted to the art. Mekas is also a prolific writer of poetry and is considered as one of Lithuania’s greatest contemporary poets.*



**Jonas Mekas** LIT 2008 / 286 min

## LITHUANIA AND THE COLLAPSE OF THE USSR

LITHÁEN OG FALL SOVÉTRÍKJANNA

**29.09** BÍÓ PARADÍS 2 13.00

Upptökur af sjónvarpsfréttabrotum frá þeim tíma sem Sovétríkin féllu. Mekas hefur haldið því fram að það megi líkja þessum umbrotatíma við grískan harmleik, þar sem örlögum þjóða er gjörbreytt af óhagganlegum öflum.

*Recordings from television newscasts made during the collapse of the USSR. Mekas has likened this tumultuous period in history to a Greek drama, where the destinies of nations are changed drastically by unbending forces.*



**Jonas Mekas** LIT 2012 / 68 min

## OUT-TAKES FROM THE LIFE OF A HAPPY MAN

ÚRKLIPPUR ÚR LÍFI HAMINGJUSAMS MANNS

**28.09** BÍÓ PARADÍS 3 15.30
**02.10** BÍÓ PARADÍS 2 13.15
**07.10** BÍÓ PARADÍS 3 15.00

Myndin samanstendur af myndbandsúrklippum frá árunum 1960-2000, sem enduðu ekki í fullkláruðum kvikmyndum á sínum tíma, og sjálfsvísandi senum sem sýna Mekas í klippiferlinu. Mekas lítur yfir farinn veg í þessu sjálfsævisögulega kvikmyndaljóði sem fagnar lífinu og hamingjunni.

*A motion picture composed of brief diaristic scenes not used in completed films from the years 1960-2000, and self-referential video footage taped during the editing. Mekas takes a trip down memory lane in this autobiographical, diaristic poem, a celebration of happiness and life.*



**Jonas Mekas** LIT 1972 / 88 min

## REMINISCENCES OF A JOURNEY TO LITHUANIA

ENDURMINNINGAR AF REISU TIL LITHÁEN

**27.09** BÍÓ PARADÍS 1 23.00
**02.10** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 16.45
**04.10** BÍÓ PARADÍS 2 23.00

Í gegnum afar persónuleg myndskeið segir *Endurminningar* frá endurkomu Mekas bræðranna til heimabæjar síns Semeniškiai í Litháen eftir 27 ára fjarveru. Stórkostleg heimildarmynd sem var árið 2006 valin inn í Kvikmyndasafn Bandaríkjanna vegna „menningarlegs, fagurfræðilegs og sögulegs mikilvægis.“

Reminiscences *narrates through highly personal footage the Mekas brothers' return to their home village of Semeniškiai in Lithuania after a 27-year absence. A breath-taking documentary that was entered into the U.S. National Film Registry in 2006 for its its "cultural, aesthetic, and historical significance."*



**Jonas Mekas** LIT 2011 / 114 min

## SLEEPLESS NIGHTS STORIES

ANDVÖKUSÖGUR

**29.09** BÍÓ PARADÍS 3 23.00
**01.10** BÍÓ PARADÍS 2 13.15
**04.10** BÍÓ PARADÍS 2 13.00

Hugmyndin af Andvökusögum kviknaði þegar Mekas var að lesa Þúsund og eina nótt. Í myndinni eru tuttugu og fimm stuttar sögur úr hversdeginum, þótt sumar þeirra séu allt annað en hversdagslegar. Ýmsum kunnuglegum andlitum bregður fyrir en í myndinni koma m.a. fram Yoko Ono, Harmony Korine, Marina Abramovic og Björk Guðmundsdóttir.

*Mekas was inspired to make Sleepless Nights Stories after reading One Thousand and One Nights. There are twenty-five real life stories in the movie, although some of them wander beyond everyday routine reality. Many familiar faces appear in the film, including Yoko Ono, Harmony Korine, Marina Abramovic and Björk Guðmundsdóttir.*

# SIXTÍS KVARTETTINN / SIXTIES QUARTET

Fjórar myndir sem varpa ljósi á líf, list og tíðaranda sjöunda áratugarins.
*Four films that shed light on the life, art and atmosphere of the sixties.*

SAMTALS / *TOTAL 129 MIN*

**28.09** BÍÓ PARADÍS 3 13.00
**01.10** LOFT+LJÓÐALESTUR 20.00
**03.10** BÍÓ PARADÍS 2 **Q&A** 17.15



**Jonas Mekas** LIT 1990 / 38 min

## SCENES FROM THE LIFE OF ANDY WARHOL: FRIENDSHIPS AND INTERSECTIONS

SENUR ÚR LÍFI ANDYS WARHOL: VINABÖND OG VEGAMÓT

Einstakt innlit í líf eins áhrifamesta listamanns 20. aldarinnar. Myndin varpar ekki einungis ljósi á Andy Warhol sjálfan, heldur einnig þá samfélagslegu og menningarlegu spennu sem hringsnerist kringum hann í takt við dáleiðandi tóna Velvet Underground.

*A unique insight into the life of one of the most influential artists of the 20th century. The film chronicles not only Andy Warhol himself, but also the social and cultural excitement that swirled around him, throbbing to a hypnotic Velvet Underground beat.*



**Jonas Mekas** LIT 1992 / 35 min

## ZEFIRO TORNA OR SCENES FROM THE LIFE OF GEORGE MACIUNAS

ZEFIRO TORNA EÐA SENUR ÚR LÍFI GEORGE MACIUNAS

Portrett af gjörningalistamanninum George Maciunas, eins þekktasta meðlims Fluxus hreyfingarinnar. Fluxus var alþjóðleg hreyfing framúrstefnulistamanna sem hefur verið lýst sem „róttækustu og tilraunakenndustu listhreyfingu sjöunda áratugarins." Við fylgjum Maciunas eftir í hans daglega amstri, kynnumst listsköpun hans og kíkjum í lautartúr með Andy Warhol, John Lennon og Yoko Ono.

*Portrait of George Maciunas, one of the most known members of the Fluxus movement. Fluxus was an international group of avant-garde artists and has been described as "the most radical and experimental art movement of the sixties." We follow Maciunas through his daily routine, get familiarized with his art, and go picnicking with Andy Warhol, John Lennon and Yoko Ono.*



**Jonas Mekas** LIT 1995 / 24 min

## HAPPY BIRTHDAY TO JOHN

HANN Á AFMÆLI HANN JOHN

Mekas lýsir myndinni á eftirfarandi hátt: „Þann 9 október 1972 safnaðist helmingur tónlistarheimsins saman í Syracuse, New York til að fagna opnun Fluxus sýningar Johns Lennon og Yoko Ono sem var hönnuð af George Maciunas. Síðar sama dag safnaðist smærri hópur saman á hótelherbergi í grenndinni til að fagna afmæli Johns."

*Mekas describes the film with these words: "On October 9th, 1972, half of the music world gathered in Syracuse, N.Y. to celebrate the opening of the John Lennon/Yoko Ono Fluxus show, designed by George Maciunas. The same day, a smaller group gathered in a local hotel room to celebrate John's birthday."*



**Jonas Mekas** LIT 1999 / 35 min

## THIS SIDE OF PARADISE

HÉRNA MEGIN VIÐ PARADÍS

Í *Hérna megin við Paradís* fer Jonas Mekas í sumarfrí með Jackie Kennedy, fyrrum forsetafrú Bandaríkjanna, og fjölskyldu hennar.

*In* This side of Paradise, *Jonas Mekas goes on summer holiday with former first lady Jackie Kennedy and her family.*



## LAILA PAKALNIŅA

HEIÐURSGESTUR

*HONORARY GUEST*

Laila Pakalniņa er leikstjóri og handritshöfundur. Hún hefur afar afgerandi stíl, myndir hennar eru bæði kímnar og alvarlegar og segja mætti að hún sé einskonar Aki Kaurismäki heimildarmyndanna.

Pakalniņa er fædd í Lettlandi árið 1962. Hún nam kvikmyndagerð í Kvikmyndaskóla ríkisins í Moskvu og hefur á ferli sínum gert margvíslegar myndir en fyrst og fremst einblínt á heimildarmyndaformið.

Heimildarmyndir Pakalniņu sýna hliðar á heiminum sem þættu seint vera fréttnæmar við fyrstu sýn, þær sýna venjulegt fólk í daglegu lífi: fólk á skíðum, á veiðum eða í fótbolta. Með snjallri myndfléttu sýnir hún þó að þessar daglegu athafnir eru síður en svo óáhugaverðar, þær eru sneisafullar af húmor og dramatík. Pakalniņa hefur verið tilnefnd til fjölda alþjóðlegra verðlauna, þar á meðal Gullpálmans og Gullbjörnsins fyrir stuttmyndir sínar. Hún hefur margsinnis unnið til verðlauna á Kvikmyndahátíðinni í Lettlandi, sem og fleirum, eins og Karlovy Vary og kvikmyndahátíðinni í Róm.

Pakalniņa hefur sérstakt lag á að nota myndmál, hljóð og klippingu - þetta einstaka tungumál kvikmyndanna - til að segja stórar og margræðar sögur. Myndir Pakalniņu sýna hversdaginn á nýstárlegan og gáskafullan hátt og bjóða áhorfandanum að finna hið óvænta í hinu venjulega.

*Laila Pakalniņa is a director and scriptwriter. She has a very definitive style, her work is both serious and humorous and it could be said that she is the Aki Kaurismäki of documentary films.*

*Pakalniņa was born in Latvia in 1962. She studied filmmaking at the Moscow Film Institute (VGIK) and has made various types of film but mostly focused on documentaries.*

*Pakalniņa's documentaries show a side of the world that might seem quite inconsequential. They show people going about their daily lives, skiing, fishing or playing football. Through her brilliant use of montage she shows that these daily routines are anything but uninteresting, they are packed with humor and drama. Pakalniņa has been nominated for a multitude of international awards including the Palme d'Or and the Golden Bear for her short films. She has been awarded won prizes at the Latvian National Film Festival multiple times, as well as at other festivals such as Karlovy Vary and the Rome Film Fest.*

*Pakalniņa is incredibly skilled at using imagery, sound and montage - the unique language of cinema - to tell big, multi-layered stories. Her films show daily life in a fresh and whimsical manner and invite the audience to look for the extraordinary within the ordinary.*

---

SAMTALS / *TOTAL 112 MIN*

| | | | |
|---|---|---|---|
| **27.09** | BÍÓ PARADÍS 3 | | 15.00 |
| **02.10** | BÍÓ PARADÍS 2 | **Q&A** | 16.45 |

## THE CHIMNEY

SKORSTEINNINN / *SKURSTENIS*

Einu sinni var skorsteinn. Við skorsteininn lágu þrjú hús og í þessum þremur húsum bjuggu sjö ljóshærðar stelpur. Fallegt portrett af hversdagslegum ævintýrum barna.

*Once upon a time there was a chimney. By the chimney were three houses and in the three houses lived seven blonde girls. A beautiful portrait of children's everyday adventures.*




**Laila Pakalniņa** LAT 2013 / 53 min

## SNOW CRAZY

SNJÓÆÐI / *SNIEGS*

Myndin segir frá skíðafólki í Lettlandi. Það er bara einn hængur á: það eru engin fjöll í Lettlandi. Skíðafólkið deyr þó ekki ráðalaust og útbýr skíðasvæði við undarlegustu aðstæður.

*A film about skiers in Latvia. There is only one slight drawback: there are no mountains in Latvia. The skiers don't give up in the face of adversity and construct skiing arenas in some very bizarre conditions.*




**Laila Pakalniņa** LAT 2012 / 34 min

## HELLO, HORSE!

HALLÓ HESTUR! / *SZIRDZIN, HALLO!*

Kvikmynd um það hvernig allt breytist á meðan allt er eins. Eða öllu heldur, um hvernig allt er alveg eins meðan það breytist.

*A film about how everything changes while remaining the same. Or rather, everything remains the same while changing.*




**Laila Pakalniņa** LAT 2017 / 25 min

SAMTALS / *TOTAL 94 MIN*

| | | |
|---|---|---|
| **27.09** | BÍÓ PARADÍS 3 | 17.15 |
| **02.10** | BÍÓ PARADÍS 2 | 15.00 |

## HI, RASMA!

HÆ, RASMA! / *ČAU, RASMA!*

Lettar eiga það til að velta fyrir sér afhverju nágrannar þeirra í Eistlandi hafi það svona ógurlega mikið betra en þeir. Hvað kemur til? Gæti það mögulega tengst skipbroti flutningaskipsins Rasma, sem sökk undan strönd Mohni eyjunnar fyrir 70 árum síðan?

*Latvians often ponder why their neighbours the Estonians live as well as they do. So why is that? Could the answer have some connection with the Latvian cargo ship Rasma, that sank near Mohni Island 70 years ago?*



**Laila Pakalniņa** LAT/EST 2015 / 52 min

## SHORT FILM ABOUT LIFE

STUTTMYND UM LÍFIÐ / *ISFILMA PAR DZIVI*

Átta menn taka sér stöðu á fótboltavelli. Þeir gera sig tilbúna, tvístíga og bíða eftir skerandi vælinu í dómaraflautunni. Titillinn segir allt sem segja þarf, myndin er stutt og hún fjallar um lífið sjálft.

*Eight men line up on a football field. They prepare themselves, shift their feet and wait for the piercing cry of the whistle. The title says it all. The film is short and it revolves around life itself.*




**Laila Pakalniņa** LAT 2014 / 2 min

## HOTEL AND A BALL

HÓTEL OG BOLTI / *VIESNĪCA UN BUMBA*

„Myndin fjallar um að velta fyrir sér afhverju heimurinn er sá staður sem hann er." Svona lýsir Pakalniņa *Hóteli og bolta*. Út um hótelglugga sjáum við fótboltavöll þar sem ýmislegt gengur á. Við færum okkur þaðan inn á hótelið þar sem allt iðar af lífi, fólk borðar, þrífur og spjallar. Tvö ólík sjónarhorn kallast á í þessari ljóðrænu og kímnu mynd, sjónarhorn boltans og sjónarhorn hótelsins.

*"The film is about wondering why the world is the place it is." That's how Laila Pakalniņa describes Hotel and a Ball. From a hotel window we see a football field and observe what goes on there. Then we enter the hotel, where we find people eating, cleaning and talking. Two different points of view are juxtaposed in this poetic and amusing film, the point of view of the ball and that of the hotel.*




**Laila Pakalniņa** LAT 2014 / 40 min

# **KVIKMYNDIR FRÁ EYSTRASALTINU /** BALTIC FEATURES




**Rugile Barzdziukaite** LIT 2018 / 63 min

## ACID FOREST

SÝRUSKÓGUR / *RŪGŠTUS MIŠKAS*

**27.09** BÍÓ PARADÍS 3 23.00
**01.10** BÍÓ PARADÍS 2 15.30
**03.10** BÍÓ PARADÍS 2 **Q&A** 22.00

Myndrænt ferðalag um deyjandi skóg. Ferðamenn koma til að virða auðnina fyrir sér. Svartþrestir fljúga um og virða ferðamennina fyrir sér. Svona myndir eru ekki á hverju strái. *Sýruskógur* var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Locarno.

*A picturesque journey through a dying forest. Tourists come to feast their eyes upon the desolation. Black birds fly around and feast their eyes upon the tourists. A truly unique film.* Acid Forest *was screened at the Locarno Film Festival.*




**Davis Simanis Jr.** LAT 2018 / 89 min

## D IS FOR DIVISION

S STENDUR FYRIR SUNDRUNG

**27.09** BÍÓ PARADÍS 2 15.15
**04.10** BÍÓ PARADÍS 2 **Q&A** 21.00
**07.10** BÍÓ PARADÍS 2 17.15

Heimildarmynd sem rannsakar þau tengsl og þá togstreitu sem ríkir milli Lettlands og Rússlands. Við kynnumst fólki frá báðum löndum og ólíkum viðhorfum þeirra, það sem annar tengir við frelsi tengir hinn við stríð og volæði. Þegar önnur hliðin fagnar syrgir hin hliðin.

*A documentary that focuses on the connections and tensions between Latvia and Russia. We meet people from both countries who have different mentalities. What one side associates with liberation, the other associates with war and tragedy. When one side celebrates, the other grieves.*



**Kiur Aarma,Raimo Jõerand** EST 2018 / 77 min

## RODEO

RÓDEÓ

**28.09** BÍÓ PARADÍS 2 15.15
**02.10** BÍÓ PARADÍS 3 **Q&A** 17.00
**04.10** BÍÓ PARADÍS 2 17.15

Árið 1991 fékk Eistland sjálfstæði frá Sovétríkjunum. Ári seinni voru haldnar fyrstu lýðræðislegu kosningarnar frá seinna stríði. Öllum að óvörum komst ungt hugsjónafólk til valda, með hinn 32 ára Mart Laar í fararbroddi, sem varð þá yngsti forsætisráðherra Evrópu. Saga um pólitík, hugsjónir, svik, vináttu og vinslit.

*In 1991 Estonia declared independence from the USSR. A year later Estonians held their first democratic elections since World War II. To everybody's surprise they brought to power young and idealistic political forces, led by 32-year-old Mart Laar, who became Europe's youngest prime minister. A story of politics, ideals, betrayal, friendship and estrangement.*



**Terje Toomistu** EST 2017 / 85 min

## SOVIET HIPPIES

SOVÉSKIR HIPPAR / *NÕUKOGUDE HIPID*

**01.10** BÍÓ PARADÍS 2 22.00
**03.10** BÍÓ PARADÍS 2 **Q&A** 20.00
**05.10** BÍÓ PARADÍS 1 13.00

Hippahreyfingin blómstraði ekki bara á vesturlöndum, hinum megin við járntjaldið mátti einnig finna hópa af síðhærðum og litríkum sérvitringum. Við sláumst í för með nokkrum eistneskum hippum sem eru að fara í árlega ferð til Moskvu til að minnast þess þegar KGB handtók þúsundir sovéskra hippa árið 1971.

*The hippie movement was not only influential in the West. On the other side of the Iron Curtain you could also find groups of long-haired and colorful eccentrics. We go on a trip to Moscow with a few Estonian hippies, who gather annually to commemorate the arrest of thousands of Soviet hippies by the KGB in 1971.*

# STUTTMYNDIR / SHORTS

SAMTALS / *TOTAL 116 MIN*

**03.10** BÍÓ PARADÍS 2 13.00
**06.10** BÍÓ PARADÍS 3 13.00

## SYNDROMES OF MIMICRY

EFTIRHERMUHEILKENNI

Svipmyndir af holróma tónlistarmanni að syngja vestræn lög, mállausum blómasendli og fólki á jóganámskeiði.
*Vignettes of an uninspired musician singing Western songs, a mute man delivering flowers and a yoga class.*



**Anastasija Pirozenkon** LIT 2016 / 18 min

## BY THE POOL

VIÐ SUNDLAUGINA

Eitthvað hræðilegt gerist í unglingateiti. Myndin sýnir hvernig viðbrögð hóps geta kaffært harmleik einstaklings.
*Something terrible happens at a teenage party. The film illuminates how a group's reaction may silence an individual's tragedy.*



**Laurynas Bareisa** LIT 2017 / 17 min

## SEVEN AWKWARD SEX SCENES, PART ONE

SJÖ KLAUFALEGAR KYNLÍFSSENUR, FYRSTI HLUTI

Ungur leikstjóri þarf að svara fyrir sig.
*A young director must provide answers.*



**Liene Linde** LAT 2016 / 26 min

## REMEMBER, THOU ART CLAY

MINNIST ÞESS AÐ ÞÉR ERUÐ LEIR

Í elstu verksmiðju Litháen er andrúmsloftið þrungið dulúð sem fær áhorfandann til að skynja eigin hverfulleika.
*The mysterious atmosphere in Lithuania's oldest factory presents the viewer with her own mortality.*



**Elvina Nevardauskaite, David Heinemann** LIT/UK 2017 / 9 min

## THREE AUGUST DAYS

ÞRÍR ÁGÚSTDAGAR

Í miðju umrótinu við lok kalda stríðsins sameinast eistnesk stúlka og rússneskur drengur yfir gosflösku frá vesturheimi.
*In the midst of the upheaval at the end of the cold war, an Estonian girl and a Russian boy unite over a bottle of American soda.*



**Madli Lääne** EST 2017 / 20 min

## MANIVALD

Manivald, atvinnulaus 33 ára refur, lifir dauflegu lífi með móður sinni. En þegar úlfurinn Toomas birtist til að laga þvottavélina breytist allt.
*Manivald, an unemployed 33 year old fox, leads a dull life with his mother. But when the wolf Toomas shows up to fix the washing machine everything changes*



**Chintis Lundgren** EST 2017 / 13 min

## BLUEBERRY SPIRITS

BLÁBERJAVÍN

Á sumrin lifir rómafjölskylda af berjatínslu og styttir sér stundir með draugasögum.
*A Roma family spends its summers berry-picking for a living and telling ghost stories.*



**Astra Zoldnere** LAT 2016 / 13 min




Open Mon/Sat: 11:30/15:00 - Mon/Sun: 18:00/23:00 - Grandagarður 2 - 101 Reykjavík
tel: +354 571 8877 - info@maturogdrykkur.is - www.maturogdrykkur.is



# ERLENDAR STUTTMYNDIR
## INTERNATIONAL SHORTS

Þótt margir líti á stuttmyndir sem æfingavöll kvikmyndagerðarmanna sem snúi sér svo að gerð mynda í fullri lengd þá eru þær heill ævintýraheimur út af fyrir sig eins og sannast í þessum flokki.

*Although often overlooked as mere training ground for soon-to-be feature filmmakers, shorts are a magical world unto themselves as demonstrated in this section.*


2015
BRYGGJAN BRUGGHÚS
bistro & brewery
REYKJAVÍK
HAPPY-HOUR
15.00-19.00
HOUSE BEER
ISK 600
GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK * 00354 456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

# ERLENDAR STUTTMYNDIR I
# INTERNATIONAL SHORTS I

SAMTALS / *TOTAL 110 MIN*

**28.09** BÍÓ PARADÍS 3 17.00
**01.10** BÍÓ PARADÍS 3 21.00



## ADOLESCENCE

UNGDÓMUR / *ADOLESCENCIA*

Unglingsstrákur í Puertó Ríkó árið 2002 tekur upp óvenjuleg og undarleg myndbrot og reynir um leið að ná athygli stelpu.
*A portrait of a teenage boy in 2002 Puerto Rico who films odd and unusual movie vignettes by himself in order to get a girl's attention.*



**José Fernando Rodríguez** PRI/USA 2017 / 10 min

## HECTOR MALOT: THE LAST DAY OF THE YEAR

HECTOR MALOT: SÍÐASTI DAGUR ÁRSINS
*EKTORAS MALO: I TELEFTEA MERA TIS CHRONIAS*

Nýársdagur rennur upp í bíl undir mánaljósi og Sofiu dreymir eitthvað sem hún segir engum.
*New Year's Eve dawns in a moon-kissed car, and Sofia has a dream that she tells no one.*



**Jacqueline Lentzou** GRC 2018 / 23 min

## CONTEMPORARY MOVEMENT

SAMTÍMAHREYFING / *MUDANZA CONTEMPORÁNEA*

Hægindastólar, fætur, dýnur, kústar, handleggir, minningar, plast. Ógrynni hluta dansa um skjáinn í þessari kóreógrafísku ferð.
*Armchairs, feet, mattresses, mops, arms, memories, plastic. A whole army of objects dances and twists in this choreographic journey.*



**Teo Guillem** ESP 2018 / 20 min

## OUR SONG TO WAR

STRÍÐSÖNGUR / *NUESTRO CANTO A LA GUERRA*

Hér koma saman krókódílamenn, dulræn á, krakkar sem veiða sér til gamans og stríð sem komið er að endalokum.
*Crocodile-men, a mystic river, some kids who like fishing and a war that is coming to an end.*



**Juanita Onzaga** COL/BEL 2018 / 14 min

## FOLLY

RÖKLEYSAN / *LA BÊTISE*

Tvær söguhetjur takast á í blóðugum bardaga. Sagan, sem er lauslega innblásin af grafíkröðinni Hörmungum Stríðs eftir Goya, er sögð með ofgnótt dáleiðandi, svarthvítra svipmynda.
*Two characters meet and confront each other in a merciless battle. The story, loosely inspired by Goya's series of etchings The Disasters of War, is revealed through a hypnotic profusion of black and white images.*



**Thomas Corriveau** CAN 2016 / 7 min

## IMFURA

Gisa, sem er næstum jafn gamall og hin nýja Rúanda, snýr aftur til heimahaganna í leit að tengslum við ættjörðina og fortíð sem tilheyrir honum en er samt svo fjarlæg.
*Gisa, who is almost the same age as the new Rwanda, seeks to rediscover his share of the collective memory of a past that belongs to him, but is also so far away.*



**Samuel Ishimwe** SUI/RWA 2018 / 36 min

# ERLENDAR STUTTMYNDIR II
# INTERNATIONAL SHORTS II

SAMTALS / *TOTAL 113 MIN*

**29.09** BÍÓ PARADÍS 3 **Q&A** 14.45
**02.10** BÍÓ PARADÍS 3 **Q&A** 21.15

## EVERLASTING MOM
ÆVARANDI MÓÐIR

Höfundur málar upp draumkennda mynd af móður sinni á heimili hennar í úthverfi í Jerúsalem.
*The author draws up a dreamlike image of her mother at her home in a suburb of Jerusalem.*



**Elinor Nechemya** ISR 2017 / 14 min

## GULYABANI
VOFAN

Þyrnum stráðrar ævi afturgöngu er minnst gegnum dagbók hennar og bréfaskriftir með aðstoð hinnar skyggnu Fethiye Sessiz frá Izmir.
*A restless spirit's tumultuous past is recounted through her diary and letters with the aid of clairvoyant Fethiye Sessiz.*



**Gürcan Keltek** NLD/TUR 2018 / 35 min

## THE SHADOW OF UTOPIA
Í SKUGGA DRAUMALANDSINS / *IM SCHATTEN DER UTOPIE*

Myndin hverfist um minningar þriggja kynslóða kvenna. Ættarsaga er rakin á brotakenndan hátt, draumkenndar minningar af æskuárum í Brasilíu.
*The film revolves around the memories of three generations of women. A family history is unraveled through dreamlike memories of childhood in Brazil.*



**Antoinette Zwirchmayr** AUT 2017 / 23 min

## TOUR
TÚR / *TOER*

Hjólreiðamenn þeytast hring eftir hring eftir keppnisbraut í þessum handmálaða óði til hjólabrautarinnar „'t Kuipke".
*Cyclists glide around the track at lightning speed in this hand-painted animation, an ode to a bicycle track "'t Kuipke".*



**Jasmijn Cedee** BEL/NLD 2016 / 2 min

## THOSE WHO DESIRE
ÞEIR SEM ÞRÁ / *LOS QUE DESEAN*

Á suðurhluta Spánar sjáum við litskrúðugan vængjaþyt skærmálaðra karldúfna, sem eru í harðri keppni um athygli kvenfugls.
*In the south of Spain we witness the colourful beating of wings, as brightly painted male pigeons compete to seduce a female.*



**Elena López Riera** SUI/ESP 2018 / 24 min

# ERLENDAR STUTTMYNDIR III
# INTERNATIONAL SHORTS III

SAMTALS / *TOTAL 103 MIN*

**01.10** BÍÓ PARADÍS 3 15.00
**04.10** BÍÓ PARADÍS 3 21.00

## AT DAWN

VIÐ DÖGUN / *DE MADRUGADA*

Alice fer ásamt systkinum sínum í sumarbústað ömmu sinnar.
*Alice and her siblings go to their grandmother's summer house.*



**Inês de Lima Torres** POR 2017 / 30 min

## BLACK LINE

SVÖRT LÍNA / *LIGNE NOIRE*

Kona sem veiðir í gruggugu vatni, þjökuð náttúra og slitrótt sönglið í bænakjallaranum. Allt tengist gegnum þunna svarta línu.
*A woman fishing in turbid waters, a polluted landscape, and the broken chant of the call to prayer. All linked by a thin, black line.*



**Francesca Scalisi, Mark Olexa** SUI/BGD 2017 / 11 min

## GAZE

HORFÐU / *NEGAH*

Kona á leið heim úr vinnu verður vitni að atviki og hún þarf að gera upp við sig hvort hún segir frá því.
*On her way back from work a woman witnesses something happening on the bus and has to decide if she will reveal it or not.*



**Farnoosh Samadi** IRA/ITA 2017 / 15 min

## RECONSTRUCTION

ENDURBYGGING / *REKONSTRUKCE*

Á einni nóttu brýst sumarleiðinn út í kvikindislegri skemmtun sem endar með dauðsfalli.
*It took one summer night for the holiday boredom to turn into a cruel amusement with deadly consequences.*



**Jiří Havlíček, Ondřej Novák** CZE 2018 / 16 min

## FLAME

BRUNI / *POLTE*

Brotakennt melódrama samsett úr skemmdum filmurömmum úr glötuðu myndinni Þernan Silja (1937) eftir Teuvo Tulio sem eyðilagðist í eldsvoða.
*From a few surviving images from the Finnish film Fallen Asleep When Young (1937), an other-worldly melodrama is distilled.*



**Sami van Ingen** FIN 2018 / 15 min

## INFINITE GALATEA

GALATEA ÁN ENDA / *GALATÉE À L'INFINI*

Pygmalíon er lítt hrifinn af samtímakonum sínum og freistar þess að skapa hina fullkomnu konu eftir eigin höfði.
*Pygmalion, disappointed by the women of his time, decides to create an immaculate woman with his own hands.*




**Julia Maura, Mariangela Pluchino, Ambra Reijnen, Maria Chatzi, Fátima Flores** ESP 2017 / 17 min

# GULLEGGIÐ I
# THE GOLDEN EGG I

SAMTALS / *TOTAL 89 MIN*

**03.10** BÍÓ PARADÍS 2 15.30
**03.10** LOFT HOSTEL 20.00

Myndirnar sem keppa um Gullna eggið eru myndir eftir unga leikstjóra sem eru þátttakendur í kvikmyndasmiðjunni RIFF Talent lab.

*The Golden Egg Competition is a selection of films from up and coming directors participating in the 2018 RIFF Talent Lab.*

## THE MARE
MARAN

Um kaldan vetur í Danmörku ramba tveir félagsráðgjafar fram á unga konu sem er alein í skóginum. En það er eitthvað óvenjulegt við hana.
*In the bleak winter of Denmark, two social workers find a young woman, alone in the woods. But there is something troubling about her.*



**Casper Rudolf Emil Kjeldsen** DEN 2018 / 20 min

## WORK
VINNA

Stutt heimildarmynd um Malcolm og Vixen, sem stunda kynlífsvinnu í Toronto og deila upplifunum sínum af málefnum sem varða kynþátt, kyngervi og þann tilfinningalega toll sem lífsviðurværi þeirra tekur.
*A short documentary about Malcolm and Vixen, two sex workers in Toronto sharing experiences relating to race, gender, and emotional labour in their work.*



**Claire Allore** CAN 2017 / 12 min

## VESNA

Marina upplifir sig óvelkomna þegar hún kemur til Sankti Pétursborgar vegna afmælis dóttur sinnar.
*Marina feels out of place when she arrives in St. Petersburg for her daughter's birthday.*



**Nathalia Konchalovsky** RUS 2018 / 23 min

## 3 SIBLINGS

Þrjú brasilísk systkini með ólík kyngervi og kynhneigð hleypa okkur inn í líf sitt.
*Three Brazilian siblings with different gender identities and sexual orientations bring us into their world.*



**Sheena Rossiter** CAN 2018 / 23 min

## ELDEST
STÓRI BRÓÐIR

Eldri bróðir sem er á leið heim úr skólanum á föstudegi þarf að sanna sig í hlutverki verndarans.
*On a Friday walk home from school, an older brother's guardianship is put to the test.*



**Nathan Firn** USA 2017 / 11 min

# GULLEGGIÐ II
THE GOLDEN EGG II

SAMTALS / *TOTAL 86 MIN*
**05.10** BÍÓ PARADÍS 2 **Q&A** 15.00
**04.10** LOFT 20.00



## FRAN THIS SUMMER
FRAN YFIR SUMARIÐ

Táningsturtildúfurnar Francis og Angie hanga heima yfir sumarið á meðan Fran hefur kynleiðréttingarferli sitt.
*Teenage lovebirds, sensitive Francis and skater Angie, spend the summer shacked up at home while Fran begins their transition.*



**Mary Evangelista** USA 2018 / 9 min

## DAUGHTER'S TABLE
BORÐ DÆTRANNA

Söngleikjastuttmynd um þrjár systur sem elda dýrindismáltíð fyrir fárveika móður sína.
*A musical short film about three sisters that cook a delicious meal for their terminally ill mother.*



**Heui Son** KOR 2018 / 18 min

## THE SUNSET CHANNEL
SÓLSETURSSTÖÐIN

Maður sem getur ekki yfirgefið heimili sitt rennir grun í að hann sé eina vitnið að óþægilegum atburði sem hann sér í sjónvarpinu.
*A housebound man thinks he might be the only witness to a disturbing event on his television.*



**Matthew Kinahan** CAN 2018 / 18 min

## OLD HABITS
GAMLIR VANAR

Ári eftir að Julia slasaði þáverandi ástkonu sína Sophie, með þeim afleiðingum að hún lamaðist, hittast konurnar á ný á vettvangi óhappsins. Á meðan situr eiginmaður Juliu um þær í leyni.
*A year after Julia accidentally injures her lover Sophie, leaving her disabled, the two women reunite at the scene of the accident. Meanwhile Julia's husband silently stalks the women.*



**Sophie Ellsberg** USA 2018 / 14 min

## CRACK IN THE WALL
SPRUNGA Í VEGGNUM

Líf trúrækna einfarans Vahit tekur stakkaskiptum eftir að hann dreymir ósæmilegan draum.
*The life of lonely and religious night-shift janitor Vahit turns upside down after an indecent dream.*



**Hakan Ünal** TUR 2018 / 15 min

## ALBA, NOT EVERYBODY WILL BE TAKEN INTO THE FUTURE
ALBA, ÞAÐ VERÐUR EKKI ÖLLUM HLEYPT INN Í FRAMTÍÐINA

Þrúgandi, náið og fagurt ferðalag inn í hugarheim 16 ára balletdansarans Ölbu.
*An intense, intimate and beautiful journey into the mind of Alba, a 16 year old ballet dancer.*



**Tomas Leach** ESP/USA 2018 / 11 min


NOSTRA
FINE DINING & COCKTAILS
Selected by Reykjavik Grapevine as
Best Newcomer Restaurant 2018
nostrarestaurant.is
tel. +354 519 3535
Laugavegur 59



# ÍSLAND
# Í BRENNIDEPLI
## ICELANDIC PANORAMA

RIFF er skurðpunktur íslenskrar og erlendrar kvikmyndalistar. Hér eru sýndar nýjar myndir sem Íslendingar hafa komið að svo eftir er tekið.

*RIFF is the meeting point of Icelandic and international cinema. Icelandic Panorama presents new films that have strong Icelandic connections.*

# ÍSLENSKAR STUTTMYNDIR I
ICELANDIC SHORTS I

SAMTALS / *TOTAL 96 MIN*
**30.09** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 13.00
**03.10** BÍÓ PARADÍS 1 15.15

## EXCUSE ME
AFSAKIÐ

Maður festir skóinn sinn undir bíl.
*A man gets his shoe stuck under a car.*



**Ísak Hinriksson** ICE 2018 / 9 min

## I
ÉG

Ung trans manneskja frá litlu þorpi ferðast til borgarinnar í leit að frelsi til að vera hán sjálft.
*A young trans person living in a small town travels to the city searching for freedom to be themself.*



**Vala Ómarsdóttir, Hallfríður Þóra Tryggvadóttir** ICE/LIT 2018 / 15 min

## MATERNAL LOVE
MÓÐURÁST

Kúrdísk móðir og dóttir hennar fá ekki landvistarleyfi á Íslandi. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum.
*A Kurdish mother and her daughter do not get asylum in Iceland. The film is based on true events.*



**Ari Allansson** ICE 2018 / 18 min

## I DRAW INSIDE A SHEEP
ÉG TEIKNA INN Í KIND

Stúlka leitar að ungum manni sem birtist henni endurtekið í draumi. Hún ákveður að elta kind sem verður á vegi hennar.
*A girl searches for a young man who constantly appears in her dreams. She decides to follow a sheep that crosses her path.*



**Ka Ki Wong** ICE/UK/HKG/CHI 2018 / 14 min

## TURN
UMSKIPTI

Þrjár vinkonur fara í sumarbústaðarferð. Brátt tekur dularfullt huldufólk að skjóta upp kollinum, sem breytir fríinu í martröð.
*Three girlfriends go on a holiday weekend trip to a cabin. Soon figures from Icelandic folklore emerge and turn their holiday into a nightmare.*



**Sesselía Ólafsdóttir** ICE/FIN 2018 / 18 min

## INSTINCT
INNSÆI

*Innsæi* fjallar um óvenjulegan dag í lífi klæðskera í Reykjavík.
Instinct *examines an unusual day in the life of a tailor in Reykjavík.*



**Viktor Sigurjónsson** ICE 2018 / 4 min

## SEASICK
ÓLGUSJÓR

Telma og Baldur vinna á fiskibát í Breiðafirði. Það er mikil pressa á þeim að leggja hart að sér og afla vel. En fyrst þurfa þau að leysa úr óuppgerðum málum.
*Telma and Baldur work on a fishing boat in Breiðafjörður. They are under a great pressure to work hard and turn a profit. But first they must resolve some unfinished business.*



**Andri Freyr Ríkharðsson** ICE 2018 / 18 min

# ÍSLENSKAR STUTTMYNDIR II
# ICELANDIC SHORTS II

SAMTALS / *TOTAL 98 MIN*

**30.09** BÍÓ PARADÍS 1 **Q&A** 15.15
**05.10** BÍÓ PARADÍS 1 15.00

## SHELLS
SKELJAR

Auður reynir að venjast lífinu á lítilli eyju.
*Auður tries to get acclimated to the life on a small island.*



**Ísak Hinriksson** ICE 2018 / 17 min

## JÖRMUNDUR

Jörmundur Hansen, fyrrum allsherjargoði og núverandi herrafataverslunareigandi, ræðir vísindi, trú og þann kraft sem felst í að lifa í sátt við náttúruna.
*Jörmundur Hansen, a former pagan high priest and current owner of a vintage haberdashery, discusses science, faith, and the true power of being at one with the natural world.*



**Jack Bushell, Nicole Stock** ICE 2018 / 5 min

## TOGETHER AND TOGETHER
SAMAN OG SAMAN

Nemi úr Reykjavík, sem er að undirbúa meistaraverkefni, kemur til Akureyrar til þess að taka viðtal við systur sem búa saman í gömlu húsi. En búa þær virkilega saman?
*A student from Reykjavík, who is preparing a master thesis, arrives in Akureyri to interview two sisters that live together in an old house. But do they really live together?*



**Hreiðar Júlíusson** ICE 2018 / 15 min

## SUMMER OF '67
SUMARIÐ '67

Saga af forboðinni ást, sem gerist árið 1967.
*A tale of forbidden love, that takes place in the summer of 1967.*



**Gunnþórunn Jónsdóttir** ICE 2018 / 7 min

## HAPPILY NEVER AFTER

Það reynist strembnara en á horfðist að gefa eiginmanninum persónulega afmælisgjöf.
*Giving the hubby a personal birthday gift turns out to be more complicated than expected.*



**Nanna Kristín Magnúsdóttir** ICE 2018 / 5 min

## THE SHACK
ÞVOTTUR

Við fylgjumst með Gunnari í sínu daglega amstri. Hann horfist ekki í augu við fortíðina og er fastur í tómleikaástandi.
*Gunnar goes about his daily routine. He shuts out the past and is stuck in a state of blankness.*



**Sigurður Möller Sívertsen** ICE/BIH 2018 / 33 min

## CHOICES
ÆVKVÍSLAR

Öldruð kona sem býr ein í sveitinni er þjökuð af fortíðinni. Þegar barnabarnið hennar kemur til að halda brúðkaup í hlöðu ömmu sinnar, spretta fram gömul leyndarmál.
*An old woman living in isolation is haunted by her past. When her granddaughter arrives to clean out the barn for her wedding, old secrets rise to the surface.*



**Vigdís Eva Steinþórsdóttir** ICE 2018 / 16 min

GERÐU EINFALT

ENN

EINFALDARA!

Borgaðu fyrirfram um leið og
þú pantar með appi eða á netinu.




DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Í SAMVINNU VIÐ
VALITOR



# SÉRVIÐBURÐIR
## SPECIAL EVENTS

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, snýst um upplifun og þó það jafnist fátt á við hefðbundna bíóferð þá finnst okkur mikilvægt að hrista upp í dagskrá hátíðarinnar með fjölbreyttum sérviðburðum. Á meðal sérviðburða á RIFF 2018 eru bíósýningar á óhefðbundnum stöðum á borð við kaffihús, sundlaugar og elliheimili, málstofur, tónleikar og myndlistarsýningar.

*Reykjavík International Film Festival, RIFF, is all about experience, and while few things measure up to watching a good film at the movies, we feel that it is important to spice our program up with a few special events. Among Special Events at RIFF 2018 are movies shown at unconventional venues such as cafés, pools and homes for the elderly, panels, concerts and art exhibitions.*



# RIFF UM ALLA BORG / RIFF AROUND TOWN

## HREYFIMYNDASMIÐJA MEÐ SÓLRÚNU YLFU INGIMARSDÓTTUR OG ATLA ARNARSSYNI

Stillukvikmyndin *Marglita Marglyttan* eftir Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur og Atla Arnarsson verður sýnd og kynnt. Að því loknu fá þátttakendur að spreyta sig í hreyfimyndagerð. Til verður efni á staðnum sem hægt er að vinna með en þátttakendur eru hvattir til að taka með sér plastfígúrur, leikfangabíla, skrautpappír eða annað eftirlætisefni. Hreyfimyndasmiðjan stendur yfir í 2 klukkustundir og er ætluð 8 ára og eldri. Skráning í smiðjuna fer fram á heimasíðum bókasafnanna. **Smiðjan er samstarfsverkefni RIFF og bókasafnanna þriggja.**

## *STOP MOTION WORKSHOP WITH SÓLRÚN YLFA INGIMARSDÓTTIR AND ATLI ARNARSSON*

*The stop motion film* Marglita Marglyttan*, made by Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir and Atli Arnarsson, will be introduced. Participants get to make their own stop motion picture. Material for the making of the stop motion pictures will be provided but participants are encouraged to bring their favorite plastic figures, toy cars, special paper or any other material you want to work with. The workshop will take 2 hours and is intended for 8 year olds and up. You can sign up for the workshop on the webpages of the libraries.* ***The workshop is a collaboration between RIFF and the 3 libraries.***

## HÁDEGISDAGSKRÁ - STUTTMYNDIR FRÁ EYSTRASALTSLÖNDUM

Í ár fagna Eystrasaltslöndin 100 ára sjálfstæðisafmæli og í tilefni þess verður boðið upp á kynningardagskrá í bókasöfnum borgarinnar þar sem að sýndar verða þrjár myndir frá Eystrasaltslöndunum.
**By the pool (Litháen)**
**Manivald (Eistland)**
**Blueberry spirits (Lettland)**

## *LUNCH TIME PROGRAM - BALTIC SHORTS*

*The Baltic countries are celebrating 100 years of independence this year. This is why we want to invite you to our lunch time program in the libraries around the city where we will screen three short films from the Baltic countries.*
***By the pool (Lithuania)***
***Manivald (Estonia)***
***Blueberry spirits (Latvia)***

**Hreyfimyndasmiðja**
***Stop motion workshop***
29. september 14:00 - 16:00
Menningarhúsin í Kópavogi - Bókasafn Kópavogs
6. október 11:30 - 13:30
Bókasafn Seltjarnarness - Gallerí Grótta
7. október 14:00 - 16:00
Borgarbókasafnið Grófinni - 2. hæð, Tryggvagata 15

**Hádegisdagskrá**
***Lunch time program***
28. september 12:15 - 13:00 &
2. október 12:15 - 13:00
Borgarbókasafnið Grófinni - 5. hæð, Kamesið, Tryggvagata 15
3. október 12:15 - 13:00
Menningarhúsin í Kópavogi - Bókasafn Kópavogs

Bókasafn Seltjarnarness
BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS






# **HAPPY HOUR DAGSKRÁ Á HLEMMI SQUARE /**
# HAPPY HOUR PROGRAM @ HLEMMUR SQUARE

27. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER
17:30 - 21:00

Á hverjum degi verður happy hour stuð á Hlemmi Square, þar sem ferskustu plötusnúðar og tónlistarmenn borgarinnar munu skemmta gestum.

*Hlemmur Square and RIFF are proud to have young and well known DJ´s perform during happy hour while the festival takes place. Some evenings will also host live music performances in addition to the Dj´s.*

HLEMMUR
SQUARE

RIFF 2018 DJ SERIES

**27. 09**
DJ Dominatricks
DJ set

**28. 09**
DJ Dominatricks
DJ set

**29. 09**
SILLUS
DJ set (there will also be a live music performance)

**30. 09**
DJ Ear Doctor
DJ set

**1. 10**
Axis Dancehall
DJ set

**2. 10**
DJ SAKANA
DJ set

**3. 10**
DJ SAKANA
DJ set

**4. 10**
Axis Dancehall
DJ set

**5. 10**
UMER CONSUMER
DJ set (there will also be a live music performance)

**6. 10**
Johnny Blaze & Hakki Brakes
DJ set (there will also be a live music performance)

**7. 10**
DJ Ear Doctor
DJ set

loft

HOSTEL • CAFÉ • BAR

DAGSRÁ / PROGRAM

## KVIKMYNDAKNÆPUGÁTA / SPECIAL MOVIE PUB QUIZ

FIMMTUDAGUR 20. SEPTEMBER KL. 20:00
LOFT

Gátustjóri: Hugleikur Dagsson
Grínistinn og skrípateiknarinn Hugleikur Dagsson færir ykkur öðruvísi kvikmyndaknæpugátu en gengur og gerist. Áhersla er lögð á flipp frekar en þekkingu. En taktu nördalegasta vin þinn með til vonar og vara.

*Quizmaster: Hugleikur Dagsson*
*Cartoonist/comedian Hugleikur Dagsson gives you a very special movie pub quiz. Based on fun and silliness rather than actual knowledge. But bring your nerdiest friend just to be safe.*

## GULLEGGIÐ / GOLDEN EGG SCREENING

3. & 4. OKTÓBER KL. 20:00
LOFT

Talent Lab er útungunarstöð fyrir ungt hæfileikaríkt kvikmyndagerðarfólk frá öllum heimshornum. Þau koma til Íslands á RIFF til að deila hugmyndum, vinna að verkefnum sínum og styrkja tengslanet sitt. Myndirnar sem keppa um Gulleggið, sem eru gaumgæfilega valdar myndir eftir þessa ungu kvikmyndagerðarmenn, verða sýndar á Loft 3. og 4. október.

*The Talent Lab is an incubator of talented young filmmakers from all over the world, who come to RIFF to share ideas, further develop their projects and build a strong network. The films from the Golden Egg Competition, which is a careful selection of the best and most promising work from these young people, will be shown on 3rd and 4th of October.*

## JONAS MEKAS SÍÐDEGI / A JONAS MEKAS AFTERNOON

MÁNUDAGUR 1. OKTÓBER KL. 17:00
LOFT

Sixtís kvartettinn verður sýndur klukkan 17:00. Sixtís kvartettinn samanstendur af fjórum myndum sem varpa ljósi á líf, list og tíðaranda sjöunda áratugarins.

Einnig mun fara fram ljóðaupplestur á ljóðum Jonasar.

*The film Sixties Quartet will be screened at 17:00. The Sixties Quartet consits of four films that shed light on the life, art and atmosphere of the sixties.*

*Also, a poetry reading of Jonas' poems will take place.*

## PALLBORÐSUMRÆÐUR UPPRENNANDI LEIKSTJÓRA / FIRST-TIME FILMMAKER PANEL

FÖSTUDAGUR 5. OKTÓBER KL. 17:00
LOFT

Á bak við hverja mynd sem er framleidd er hópur fólks með sama markmið. Hvað gerist að framleiðslu lokinni? Hvaða mistök ber að varast? Hvernig er best að koma mynd á framfæri? Þátttakendur í pallborðsumræðunum munu miðla þekkingu sinni en þeir eiga það flestir sameiginlegt að mynd þeirra er sýnd á hátíðinni í ár eða hafa tekið þátt í Talent Lab RIFF.

*Behind every film is a group of people on the same mission. What happens when production is wrapped? What mistakes should you avoid? How do you promote your film? Participants in the panel, most of them part of the RIFF Talent Lab, will share their knowledge.*




## KVIKMYNDIR OG UMHVERFIÐ: USELESS / CINEMA AND THE ENVIRONMENT: USELESS

ÞRIÐJUDAGUR 2. OKTÓBER KL. 17:00
LOFT

*UseLess* er heimildarmynd þar sem reynt er að varpa ljósi á það afhverju við mannfólkið sóum svona miklu og er fókusinn settur á matar- og tískusóun. Eftir myndina fara fram umræður með höfundi myndarinnar Rakel Garðarsdóttur, Birni Blumenstein vöruhönnuði, Helenu Óladóttur sem hefur umsjón með gæðum og sjálfbærni hjá Farfuglum/Hostelling International Iceland og Magneu Einarsdóttur fatahönnuði.

UseLess *is a documentary that sheds light on why we humans waste so much, focusing on food and fashion waste.*
*After the film there will be a panel discussion with the film's director Rakel Garðarsdóttir, product designer Björn Blumenstein, Helena Óladóttir who is the Quality & Sustainability manager at Farfuglar/Hostelling International Iceland and fashion designer Magnea Einarsdóttir.*

# RED RIFF 2018

FÖSTUDAGUR 28. SEPTEMBER KL. 21.00
BÍÓ PARADÍS

## SAMSTARF RED BULL OG RIFF

Sýning á tónlistarmyndböndum ungra leikstjóra. Dagskráin hefst á panel umræðum sem Bergur Ebbi stýrir og svo fer fram sýning á myndböndum. Eftir sýninguna verður blásið til veislu, þar sem SURA þeytir skífum og drykkir frá Red Bull verða á boðstólum.

## *RED BULL AND RIFF COLLABORATION*

